

Dansað við Úlfar

Nokkur spor stigin til heiðurs

Úlfari Bragasyni sjötugum

22. apríl 2019



Dansað við Úlfar

Dansað við Úlfar

Nokkur spor stigin til heiðurs
Úlfari Bragasyni sjötugum
22. apríl 2019

Rauðhetta, útgáfufélag
Reykjavík 2019

© HÖFUNDAR

RITSTJÓRN: HELGA HILMISDÓTTIR, MAGNÚS HAUSSON, VETURLIÐI ÓSKARSSON OG ÞORSTEINN G. INDRÍÐASON.

BÓK ÞESSA MÁ AFRITA MEÐ ÝMSUM HÆTTI, SVO SEM MEÐ LJÓSRITUN, LJÓSMYNDUN, PRENTUN, SKÖNNUN, HLJÓÐRITUN, KVIKMYNDUN, TALGERVLI EÐA Á ANNAN SAMBÆRILEGAN HÁTT, AÐ HLUTA EÐA Í HEILD, ENDA SÉ ÞAÐ GERT Í FULLU SAMRÁÐI VIÐ HÖFUNDA OG MEÐ SKRIFLEGU LEYFI ÞEIRRA.

MYNDIN Á BÓKARKÁPU ER SÓTT Á VEFSÍÐUNA <https://pixels.com/featured/a-dangerous-dance-red-hood-and-the-wolf-art-print-little-bunny-sunshine.html>:

A DANGEROUS DANCE RED HOOD AND THE WOLF ART PRINT: „THE WOLF SAID, YOU KNOW, MY DEAR, IT ISN'T SAFE FOR A LITTLE GIRL TO WALK THROUGH THESE WOODS ALONE.“

ISBN 978-9935-9471-0-9

Efni

BERGLJÓT KRISTJÁNSDÓTTIR: „SORGIN HÁ MIG SÆKIR Á ...“ FÁEIN ORÐ UM RÍMHLJÓÐ OG SÁRSAUKA	5
BIRNA ARNBJÖRNSDÓTTIR: TREYSTIR ÞÚ ÞESSUM MANNI?	8
DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR: PASSA-SEMI	11
DAISY NEIJMANN: Í HÖNDUM ÚTLENDINGA	13
ELEONORE GUDMUNDSSON: ISLEX: MENNINGARBRÚ SEM TENGIR FORTÍÐ, NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ	17
GOTTSKÁLK JENSSON: DÖNSK TUNGA Á ÍSLANDI OG NÖLDRANDI ÍSLENDINGAR Í KAUPMANNAHÖFN	22
GUÐRÚN LAUFHEY GUÐMUNDSDÓTTIR: ÁSTIN Á TÍMUM SUMARNÁMSKEIÐA	26
GUÐRÚN NORDAL: VIÐ HEITA POTTINN	28
GUÐRÚN THEODÓRSDÓTTIR: ER ÍSLENSKAN DJÓK?	31
HARTMUT MITTELSTÄDT: HEILABROT ORÐABÓKARMANNS UM HLJÓMFLUTNINGSTÆKI	33
HEIMIR PÁLSSON: AÐ PLATA ÚTLENDINGA – TVÖ DÆMI	36
HELGA HILMISDÓTTIR: BÆKUR, TALPLÖTUR OG VERALDARVEFURINN: ÞRÓUN KENNSLUEFNIS Í ÍSLENSKU SEM ÖÐRU MÁLI	40
KIRSTEN WOLF: DE AETATIBUS HOMINUM IN ICELANDIC TRANSLATION	44
KOLBRÚN FRÍÐRIKSDÓTTIR: ÁST Á <i>ICELANDIC ONLINE</i>	46
KRISTINN JÓHANNESSON: TVÆR SÆNSKAR ÞÝÐINGAR Á DRÓTTKVÆÐRI VÍSU	48
MAGNÚS HAUKSSON: ÁHRIF ANNARRA ERLENDRA MÁLA Á TILEINKUN ÞÝSKUMÆLANDI NEMENDA Á ÍSLENSKU	51
SIGRÍÐUR ÞORVALDSDÓTTIR: GLÖGGT ER GESTS AUGAÐ: ÚTLENDINGAR OG ÍSLENSKA	56
VETURLIÐI ÓSKARSSON: FULLT HÚS SLÁTURS	60
ÞORSTEINN G. INDRÍÐASON: „ÞÁ ER GOTT AÐ FELA SIG INNI Í LEKKERRI SLÁ“	65
ÞÓRIR ÓSKARSSON: BÓKMENNTASAGAN SEM SKÁLDSKAPUR OG BÓKMENNTAFORM	70
STIKLUR UM SÖGU ÍSLENSKU SEM ANNARS OG ERLENDS MÁLS	75

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir

„Sorgin há mig sækir á ...“
Fáein orð um rímhljóð og sársauka

Fyrir ríflega hálfri öld – þegar við Úlfar Bragason vorum í gagnfræðaskóla og menntaskóla – var ekki óþekkt að nemendur væru kynntir fyrir eddukvæðum á þann hátt að þeir voru látnir greina þau nákvæmlega í setningarluta. Kveðskap undir rímnaháttum voru þeir hins vegar látnir mæta með bragfræði Sveinbjarnar Sigurjónssonar að vopni. Fyrir vikið vafðist ekki fyrir mörgum þeirra að lýsa setningagerð í kveðskap og greina ljóðstafi og rímmynstur ýmiss konar. En þeir spurðu ekki endilega spurninga eins og: Hvers vegna sækir skáldið einmitt í þennan bragarhátt? Slík spurning getur þó verið lykilatriði til skilnings á tilurð og áhrifamætti skáldskapar. Til að rökstyðja það ætla ég að segja Úlfari sögu þar sem vísu bregður fyrir og ræða lítillega um hana og rímhljóð hennar.

Auðbjörg Jónsdóttir hét kona sem var húsfreyja á Illugastöðum á Vatnsnesi síðasta hluta nítjándu aldar og vel fram á þá tuttugustu. Auðbjörg var



Auðbjörg Jónsdóttir.



Illugastaðir.

barnabarn völundarins Guðmundar Ketilssonar, bróður Natans, og hagnælt eins og margir af hennar ætt. Hún giftist ung bóndasyni úr grenndinni, Jakobi Bjarnasyni frá Hlíð.¹ Hann missti hún í sjóinn eftir fimmtán ára sambúð en þá gekk hún með sjöunda barn þeirra. Í barnahópnum voru tveir upprennandi skipstjórar. Löngu eftir lát Jakobs, þegar annar þeirra pilta var á sjó, skall á ofsavæður. Þá varð Auðbjörgu að orði:

Sorgin há mig sækir á
sífellt þrá og iðin
ef eg má ei aftur sjá
eisu láar viðinn.²

Er það hending ein hve dýrt þessi vísa er kveðin? Ég held ekki. Vilji menn skilja líðan Auðbjargar þegar hún orti vísuna; kjósi þeir að taka mið af lífi hennar og reynslu við túlkun kveðskaparins, er ég raunar sannfærð um að bragarhátturinn sem hún velur, sjálf hringhendan, sé lykilatriði. Endurtekningin á rímhljóðinu vitnar um geðshræringuna sem á sér rætur í skriðdýrsheilanum (e. *reptilian brain*) – eða gamla heilanum svokallaða – eins og margir hafa leitt rök að.³ En ekki er heldur ósennilegt að þegar Auðbjörgu varð hugsað til þess að syni hennar kynnu að vera búin sömu örlög og föður hans forðum, hafi líkami hennar beinlínis brugðist við, minnugur fyrra áfalls og ýft það upp. Fyrir vikið hafi hún tjáð kvöl sína með margföldu sársaukahljóði: *ááá-ááá*. Slíka túlkun má styðja rökum með tilvísun til skrifa hollenska geðlæknisins Bessel van der Kolk, sem hefur lagt meira til rannsókna á líkamsminni og tráma en margir aðrir. Tráma er að skilningi hans fyrst og fremst atburður sem altekur miðtaugakerfið og breytir því bókstaflega hvernig við vinnum úr og rifjum upp minningar. Hann segir

¹ Í framhjáhlupi má nefna að Jakob var bróðursonur Friðriks Sigurðssonar sem dæmdur var fyrir morðið á Natani, föðurbróður Auðbjargar.

² Vísuna lærði ég af barnabarni Auðbjargar og nöfnu, Auðbjörgu Guðmundsdóttur, á níunda áratug síðustu aldar. Á þeim tíma hafði ég lítt hugað að rímum og því stóð líkingin „eisu láar viðinn“ í mér. Jakob Benediktsson upplýsti mig um að Húnvetningar og Skagfirðingar hefðu beygt orðið *lár* með *-ar* endingu í eignarfalli á 18. og 19. öld og finna mætti þess ýmis dæmi í kveðskap.

³ Tim Dalglish hefur skrifað ágæta yfirlitsgrein um „tilfinningaheilann“ þar sem rakin er saga rannsókna á tengslum tilfinninga og geðshræringa við heilann, sjá Tim Dalglish, „The emotional brain“, *Nature Reviews Neuroscience* 7/2004, bls. 582–589.

m.a. „Það [trámað] er ekki sagan af því sem gerðist forðum. Það er mark sársaukans, hryllingsins og óttans sem lifir nú innra með fólki.“⁴

Bókmenntafræðingar ættu vísast oftast en raun ber vitni að skoða tengsl tungumáls og líkama. Og þá eru það ekki bara endurtekningar, hljóð og tráma sem vert er að hafa í huga. Líkingar hafa verið fyrirferðarmiklar í umræðu um upplifun manna af sársauka síðustu áratugi, hvort sem um „raunverulegar“ eða „hugsanlegar vefjaskemmdir“ er að ræða.⁵ Við vitum ennþá svo lítið um heilastarfsemi að menn deila t.d. um það hvort sársauki sem ræðst af félagslegri útilokun hafi sömu áhrif á hana og sársauki sem ræðst af skýrum líkamsmeiðslum og hvort orð „særi heilann“ eður ei.⁶ En við erum þó svo miklu nær um tengsl tungumáls og líkama að við getum spurt annarra spurninga en lagðar voru fyrir okkur forðum.

⁴ „Bessel van der Kolk explains What Trauma is“, <https://www.psychotherapyworker.org/blog/details/311/video-when-is-it-trauma-bessel-van-der-kolk-explains>. (Sótt 10. jan. 2018.) – Þeir sem vilja kafa í efnið geta sótt til bókar van der Kolk, *The Body Keeps the Score: Brain, Mind, and Body in the Healing of Trauma*, New York: Viking, Penguin Books, 2015.

⁵ Hér er vísað til skilgreiningar Alþjóðasamtakanna um rannsóknir á sársauka, *The International Association for the Study of Pain (IASP)* en þau skilgreina sársauka svo: „Ónotaleg skyn- og tilfinningareynsla er tengd raunverulegum eða hugsanlegum vefjaskemmdum eða lýst á sama hátt og slíkum skemmdum.“ Sbr. IASP [International Association for the Study of Pain]. 2012. Pain. (Sótt 5. júní 2017 af <https://www.iasp-pain.org/Taxonomy>.)

⁶ Sjá t.d. Maria Richter o.fl., „Do words hurt? Brain activation during the processing of pain-related words“, *Pain* 2/2010, bls. 198–205; Gian Domenico Iannetti og fl., „Beyond metaphor: contrasting mechanisms of social and physical pain.“ *Trends in Cognitive Sciences* 8/2013, bls. 371–378 og Naomi I. Eisenberger, „The pain of social disconnection: examining the shared neural underpinnings of physical and social pain“, *Nature Reviews Neuroscience* 6/2012, bls. 421–434.

Birna Arnbjörnsdóttir

Treystir þú þessum manni?

Ég opnaði facebókina í morgun og við mér blasti grár hnakki sem ég áttaði mig strax á að tilheyrði Úlfari Bragasyni (með þeirri spurningu hvort ég treysti þessum manni). Hann er sem sagt greinilega genginn til liðs við Gráa herinn í fleiri en einum skilningi. Ég þekki hnakkann á Úlfari vel enda hef ég elt hann gegnum árin á ýmsum ferðalögum sem hann hefur dregið mig í til að boða fagnaðarerindið um mikilvægi tungumála en þó sérstaklega íslenskunnar. Samskiptin hafa verið í nokkuð föstum skorðum: Úlfar hringir og segist vera með fund, seminar, málþing eða ráðstefnu og að þar þurfi menn að heyra hvernig best sé að ná til nemenda með því að uppfæra kennsluáðferðir, auka notkun ólíkra miðla og nú síðast auka skilning á fjöltyngi. Ég eigi því að mæta. Oftast hefur hann þó hringt til þess að ýta við því að eilífðarverkefnið *Icelandic Online* verði að veruleika, stækkað, uppfært. Senan er þá kannski svona:

Úlfar: Jæja, það eru fleiri þúsund manns þarna úti sem vilja læra meiri íslensku og lítið framboð af námskeiðum. Getum við ekki bætt við framhaldsnámskeiði á *Icelandic Online*?

Ég: Jú, jú. Við sækjum þá um styrk og ég kalla gengið saman.

Tveimur árum síðar ...

Úlfar: Jæja, það eru fleiri þúsund manns úti í heimi sem kvarta yfir því að það vanti fleiri námskeið á *Icelandic Online*. Eigum við ekki að sækja um fé og drífa okkur í verkið?

Ég: Úlfar, ég er orðin frekar þreytt á þessu hliðarjobbi.

Úlfar: En á meðan það er fólk sem vill læra íslensku er það okkar að sjá til þess að fólk læri hana. Hugsaðu um menningararfinn ...

Ég: Jæja þá, ég hóá í gengið.

Tveimur árum síðar ...

Úlfar: Heyrðu, það var hringt frá skrifstofu forseta Íslands og kvartað yfir því að *Icelandic Online* væri ekki aðgengilegt í snjallsímum. Við verðum að uppfæra.

Ég: Nei, hættu nú. Ég hef ekki tíma til að standa í þessu lengur.

Úlfar: Já en hvað með viðhald tungunnar ...? Ég er reyndar þegar búinn að ráða forritara (þeir eru Þingeyingar!) og þeir eru byrjaðir hérna hjá mér í Þingholtsstrætinu.

Ég (buguð af samviskubiti): „#\$%\$##\$%\$##“ ... þú dregur þá vagninn ...

Úlfar hefur aldrei skorast undan því að draga vagninn þegar kemur að því að efla íslenskuna. Þetta þekkja allir þeir sem hafa starfað með honum. Samvinnan við Úlfar á *Icelandic Online* hefur verið eitt skemmtilegasta (og lengsta ☺) verkefni sem ég hef tekið þátt í. Í næstum 15 ár höfum við Úlfar farið fyrir einvala liði snjallra námsefnisgerðarmanna, listamanna og forritara. Ég hef skipað fyrir en hann verið í eftirlitinu og stundum þegar allt virtist vera að fara á hliðina hefur hann stokkið fram eins og beint út úr Sturlungu, hvatt menn til dáða og jafnvel reitt fram fé til að halda atlögunni áfram. Án Úlfars hefði *www.icelandiconline.com* ekki orðið að veruleika og 200.000 notendur þess þurft að hafa mun meira fyrir íslenskunáminu, eða jafnvel orðið af því.

Núna þegar *Icelandic Online* er komið í höfn á fjöltyngi og samlegð norrænna tungumála hug hans allan. Úlfar var fljótur að átta sig á því að kreddur, boð og bönn eru ekki vænleg til að efla veg og virðingu íslenskunnar né nokkurs annars tungumáls; lausnin væri frekar að auka námsframboð, námsgögn og hvetja til jákvæðrar orðræðu um tungumál og tungumálanám. Í margmenningarlegum heimi síflóknari samskipta þurfa málhafar að hafa sem flest tungumál og málafrbrigði á valdi sínu og geta beitt þeim við allar þær málaðstæður sem þeir mæta. Málfærni byggist þá ekki eingöngu á færni í móðurmáli, öðru máli eða erlendu máli, sem hafa þá bæði upphaf og endi eða eru í ákveðnum afmörkuðum römmum, heldur færni í að vega og meta við hvaða málaðstæður þarf að grípa til hvaða tungumáls eða málafrbrigðis til að koma skilaboðunum til viðmælanda á farsælan hátt hvort sem það er talmál, fagmál, íslenska yfirleitt eða bara eitthvert annað tungumál sem tjáir það sem segja þarf.

Framgangur íslensks máls og menningar hefur verið helsta hugðarefni Úlfars frá því ég kynntist honum þegar við kenndum saman í Flensburg í fyrndinni. Hann gantaðist með það einhvern tímann þegar hringt var inn úr frímínútum hvað það væri nú gott ef við kennarar gætum sent tanngarðinn upp í stofu, skellt honum á kennaraborðið og sett í gang sömu gömlu tugguna, klikk, klikk klikk ... en við sjálf haldið áfram að drekka kaffi. Mér

hefur stundum verið hugsað til þessa brandara, því þessi mynd er eins langt frá því að passa Úlfari og frekast er unnt sé litið til framgöngu hans og verka. Kannski er það þess vegna sem hann var svona fyndinn því allt sem Úlfar gerir, gerir hann af trúðmennsku, innsæi, næmi og virðingu fyrir viðfangsefninu. Það hefur verið skemmtilegt og lærdómsríkt að fá að starfa með Úlfari og hafi hann þökk fyrir.

Passa-semi

Mér finnst það furðulegt að á uppvaxtarárum og skólagöngu minni á Akureyri var ég alltaf í nágrenni Úlfars Bragasonar og vissi alltaf af honum en aldrei lágu leiðir okkar beinlínis saman. Ég bjó fjórum húsum neðar en hann í Helgamagrastrætinu og var bekk á eftir honum í MA og íslensku-deild Háskólans. Svo varð ég sendikennari við Háskólann í Osló frá áramótum 1982 til vors 1990 og átti stutt eftir af tíma mínum þar þegar Úlfar tók við Stofnun Sigurðar Nordals árið 1988 og þar með yfirumsjón með sendikennurum og íslenskukennslu erlendis.

Á níunda áratugnum var hópur sendikennaranna minni en hann er nú. Í Bergen var Böðvar Guðmundsson og Kolbrún Haraldsdóttir eftir hann, í Osló var ég, í Uppsölum var Þorleifur Hauksson og Kristinn Jóhannesson í Gautaborg. Í Helsinki var Erlingur Sigurðsson, í Kaupmannahöfn Eyvindur Eiríksson og síðar Örn Ólafsson, í París Einar Már Jónsson og í Caen Steinunn Filippusdóttir le Breton. Fundirnir sem sendikennarar héldu árlega til skrafs og ráðagerða voru kostaðir frá Íslandi og ekki voru þeir leiðinlegir.

Einn fundur er mér þó minnisstæðari en aðrir. Hann var haldinn í Caen þar sem Steinunn réði ríkjum. Rödd skynseminnar sagði mér að ég gæti alls ekki farið á þennan fund. Með skyldukennslunni var ég að kenna ógurlega tímafrekt teoríunámskeið á mastersstigi í norskunni. Ég var í alls konar verkefnum en mig langaði svo að hitta sendikennaravini mína að ég kvaddi bóndann og börnin, tróð einhverjum fötum í tösku í flýti, æddi af stað og náði fluginu á elleftu stundu á Fornebu.

Ég var kampakát yfir að hafa náð flugvélinni en eitt var að angra mig og það var að ég gat ekki með nokkru móti borið fram nafnið á borginni Caen. Ég hafði æft mig mikið en allir sem ég æfði mig á heyrðu mig segja „Cannes“. Það var svolítið kvíðvænleg tilhugsun að eiga eftir að lenda í hinum endanum á Frakklandi vegna lélegrar frönsku! Í þessum hugleiðingum gáði ég að peningum og skilríkjum og uppgötva þá mér til skelfingar að ég hafði gleymt passanum. Ég fékk tvö hjartaáföll!

Ég kallaði á flugfreyjuna og bar upp vandamálið við hana og hafi ég haldið að íslenskum sið að „þetta reddaðist“ gerði hin norska flugfreyja mér það ljóst að það myndi ekki gerast. Ég yrði send tilbaka eins og hver annar pakki. Hún lofaði samt að sjá hvað hún gæti gert og þegar við lentum á de Gaulle flugvelli tók flugvallarstarfsmaður á móti mér og fylgdi mér valdsmannslega gegnum bygginguna og leyndi ekki fyrirlitningu sinni á fíflinu. Eftir langa göngu komum við að glerbúri og þar tók á móti mér risavaxinn hörundsdökkur maður sem var enn fjandsamlegri og alveg ljóst að hann hélt ég væri hryðjuverkamaður. Hann yfirheyrði mig lengi um hvert ég væri að fara og mjög fljótt hætti ég að reyna að segja Caen og skrifaði það á blað. Hann skrifaði eitthvað á annað blað, stimplaði það og ég var þá komin með bráðabirgðapassa, var leidd burt og gegnum hlið og út í borgina, eftir strætóa og leigubíla og lestarmiðakaup þar sem ég rétti þegjandi fram miða hvar á stóð Caen komst ég til borgarinnar og sameinaðist lektorahópnum mínum, sveitt og skjálfandi. Ég var lengi að ná mér eftir þessi ósköp.

Þetta var síðasti lektorafundurinn minn. Eftir að ég hætti í Osló og fór að kenna við deild Íslensku fyrir erlenda stúdenta, sem nú heitir Íslenska sem annað mál, tók ég við stjórn norrænu sumarnámskeiðanna af Svavari Sigmundssyni í nokkur ár. Úlfar var þá með alþjóðlegu námskeiðin. Ég fylgdist með því hvernig hann styrkti sumarnámskeiðin sem kosta mjög mikið ut anumhald, alúð og persónulega þátttöku í lífi og námi þeirra ungu námsmanna sem hingað koma. Það var ekki hægt annað en dást að því hvernig Úlfar, af alúð og fagmennsku, byggði Stofnun Sigurðar Nordals upp, frá engu og upp í að vera sá máttarstólpi í kennslu og miðlun íslenskra fræða um heim allan sem hún er nú. Það hefðu ekki aðrir leikið eftir. Og nú ætla ég að „mína“ afmælisbarnið ...

Til hamingju með afmælið, Úlfar minn!

Í höndum útlendinga

„Þú ert farinn að tala eins og Íslendingur“, sagði ég við nemanda á annars árs bókmenntanámskeiði í íslensku sem öðru máli um daginn. Og átti ekki við: „þú talar eins og innfæddur“, aldrei þessu vant, heldur, „jæja, ertu nú líka farinn að tala niður Ísland og allt sem íslenskt er!“

Þegar maður kennir bókmenntir og menningu sem hluta af annarsmálkennslu vekur efnisval alls konar spurningar. Á hvaða forsendum veljum við efnið, nemendanna eða okkar eigin? Hvaða mynd af landi, menningu og þjóð ætlumst við til að nemendur taki með sér af námskeiðinu? Ég spyr af eigin reynslu. Hún er ekki lítil ábyrgðin, að fræða nemendur sem sækjast eftir að afla sér þekkingar um Ísland og líta til kennarans sem sérfræðings á sviði alls sem íslenskt er. Eitt lykilatriði gerir valið aðeins auðveldara: Við kennararnir veljum fyrir það fyrsta texta sem við höldum að muni auka skilning nemenda en eru ekki svo torskildir að þeir ráði ekki við þá. Eftir það er þó ýmislegt eftir.

Einn samstarfsmaður minn orðaði mjög vel á fundi um daginn það sem ég var löngu búin að taka eftir í gegnum kennsluferlið: Námsbækur í annarsmálkennslu sýna okkur nákvæmlega hvernig mynd við viljum að nemendur okkar fái af okkur, samfélagi okkar og menningu. Svólítið eins og þjóðarprófíll á fésbók. Og ekkert að því að vilja sýna sínar bestu hliðar. En hvað ef sú útgáfa af okkur stingur í stúf við þá útgáfu sem bestu vinir okkar þekkja og elska?

Allir þeir sem læra íslensku sem annað mál hafa sínar ástæður til þess, ástæður sem eru jafnan tengdar miklum námshvata og ríkum tilfinningum. Hér tala ég einnig af reynslu, því að ég er í þeirri stöðu að hafa sjálf lært íslensku sem annað mál. Allir góðir kennarar vita að námsárangur er mestur þegar námið kemur til móts við námshvata nemandans og áhuga hans á námsefninu á einhvern hátt. En hvað vitum við eiginlega um þessa hlið nemenda okkar? Hve oft látum við freistast til að velja námsefni sem okkur finnst sjálfum að nemendur ættu að kynnast og fræðast um en er e.t.v. algjörlega á skjön við námshvata þeirra?

Þessar vangaveltur hvöttu mig til að leggja spurningalista fyrir nemendur mína í fyrsta tíma á annars árs námskeiði í íslenskum samtímabókmenntum síðastliðið haust. Þar spurði ég meðal annars um væntingar þeirra til námskeiðsins: Hvað vildu þeir sjálfir helst fá út úr þessu námskeiði? Svörin voru 48 talsins og öll nafnlaus. Ekki er um val að ræða því þetta er skyldu-námskeið. Ég bjóst því við að flestir nemendanna vonuðust helst eftir því að auka íslenskukunnáttu sína, orðaforða og skilning. Það er jú einnig eitt-hvað sem bókmenntakennari í annarsmálskennslu þarf oft að horfast í augu við: Það er tungumálakunnáttan sem er aðalatriðið fyrir flesta. Svo sannarlega reyndist rétt að nemendur vonuðust til þess að námskeiðið hjálpaði þeim að komast áfram í íslenskunni. Það varð mér hins vegar mikið gleðiefni að sjá hve margir sögðust einnig vilja fá að kynnst íslenskum bókmenntum, eða kynnst þeim betur, og í gegnum þær íslensku samfélagi og menningu. Þó nokkrir tóku sérstaklega fram að þeir hlökkuðu til að kynnst rithöfundum og verkum fyrir utan þau sem áberandi eru í íslensku samfélagi, en aðrir nefndu það að þeir vonuðust til að fá yfirsýn og afla sér þekkingar sem myndi gera þeim kleift að velja hvaða íslensk bókmenntaverk sem þeir hefðu áhuga á að lesa.

Í námsgreininni íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands er staðan ólík þeirri sem er í erlendum háskólum þar sem íslenska er kennd m.a. að því leyti að hér er töluverður hluti nemenda innflytjendur sem búa á Íslandi. Þessir nemendur eiga ekki í önnur hús að venda þegar þeir hafa náð ákveðnu stigi í íslenskukunnáttu sinni en langar til að komast lengra. Ekki er óalgengt að litið sé á innflytjendur sem einsleitan hóp sem hefur það eitt að markmiði að læra íslensku af hagnýtum ástæðum, þ.e. að auka atvinnumöguleika sína hér á landi eða þátttöku sína í samfélaginu. Og mér sýnist oft eins og margir Íslendingar vorkenni þeim djúpt og innilega af þessum ástæðum. En hryllilegt, að neyðast til að koma hingað og læra þetta ómögulega tungumál og fást við þessa afdalabjód! Auðvitað hafa þeir engan raunverulegan áhuga á þessu! Það ætti því í staðinn að hvetja þá til að nálgast námið út frá sinni eigin menningu. Og það hljómar svo sem ágætlega. En það sem er vel meint er ekki alltaf rétt hugsað. Hvað vitum við svo sem um áhuga þessara nemenda á Íslandi og íslenskri menningu, eða um afstöðu þeirra til heimalands síns og menningar? Langflestir þeirra nemenda sem leggja það á sig að fara í BA-nám í íslensku sem öðru máli, þar á meðal

innflytjendur, gera það af einlægum áhuga á að læra tunguna og einnig til að fræðast um þá sögu, þjóð og menningu sem íslenskan sprettur úr.

Einnig yrði líklega erfitt að telja skiptinimum og öðrum nemendum okkar sem ekki búa hérlandis trú um að þeim sé vorkunn að hafa komið hingað til að nema íslensku sem annað mál af brennandi áhuga á Íslandi og íslenskri menningu. Það er ólíklegt að þeir séu mjög áhugasamir um að fá að heyra að Ísland sé í raun ómögulegt land, Íslendingar ómöguleg þjóð, og að einu bókmenntirnar sem vit er í séu þær sem sýna okkur þetta sem gleggst. Það þýðir að sjálfsgöðu alls ekki að umfjöllun um Ísland og íslenska menningu eigi að draga upp óraunhæfa og glæsta mynd eða vera ógagnrýnin, en það þarf heldur ekki að fæla nemendur frá og drepa áhuga þeirra. Of oft virðist mér að Íslendingar haldi að útlendingar hljóti að hugsa nákvæmlega eins og þeir.

Fyrir mörgum árum rakst ég á blaðagrein þar sem talað var við nemanda í íslensku sem öðru máli, sem voru þá miklu færri en þeir eru í dag. Fyrirsögnin kom svolítið á óvart, en ég hef aldrei gleymt henni: „Íslendingar vilja vera eins og allir aðrir“. Ef þetta er rétt athugað, þá eiga Íslendingar erfitt með að setta sig við að utanaðkomandi fólk hafi mest áhuga einmitt á því í fari þeirra sem *ekki* er eins og hjá öllum öðrum. En varla fær fólk brennandi áhuga á öðru landi, menningu þess og tungumáli ef það er líkt því sem það þekkir heima.

Eftir tuttugu og fimm ára kennsluferil á þessu sviði er mjög auðvelt að halda að maður þekki nemendur sína – en þeir koma mér alltaf jafnmikið á óvart. Þegar ég held að eitt helsta aðdráttaraflíð sé tónlist eftir Björk, Sigurros og Ásgeir Trausta segja nemendur mér að þeir hafi aðallega áhuga á Bubba eða Páli Óskari. Ég fæ beiðni um að setja verk eftir Vigdís Grímsdóttur á leslista, og enn hefur það ekki gerst hjá mér að nemendur hafi ekki hrifist af *Sjálfstæðu fólki*. Á námskeiðinu sl. haust kveikti smásaga þar sem lýst er reynslu útlendings á Íslandi ekki nærri eins mikinn áhuga og ég hafði búist við, en hins vegar komu nokkrir nemendur til mín í lok námskeiðsins til að þakka mér innilega fyrir að hafa kynnt fyrir þeim smásögu eftir Jón Kalman og skáldsöguna *Fyrir allra augum* eftir Sverri Norland. Mér fannst mjög lýsandi fyrir ólíka afstöðu nemenda í íslensku sem öðru máli annars vegar og Íslendinga hins vegar að aðstoðarmaðurinn minn, íslensk stúlka sem útskrifaðist úr íslensku, var mjög hissa á því að ég skyldi hafa sett þessa skáldsögu á leslista. En í lok námskeiðsins sagðist hún hafa

fengið algjörlega nýja og jákvæðari sýn á hana eftir að hafa „lesið“ hana aftur í gegnum lestrarupplifun nemendanna eins og hún birtist í ritgerðum þeirra.

Eins og staðan er núna í Íslensku- og menningardeild við Háskóla Íslands er það íslenskan sem á í erfiðleikum með að draga að sér nemendur, á meðan nemendafjöldinn í íslensku sem öðru máli eykst stöðugt, og er í raun varla lengur hægt að koma til móts við hann. Þó nokkrir þeirra sem útskrifast hjá okkur fara í framhaldsnám, og sumir hafa þegar látið að sér kveða á sviði íslenskra fræða, kennslu í íslensku sem öðru máli og bókmenntaþýðinga. Hægt væri að láta sér detta í hug að framtíð íslenskra fræða sé í höndum útlendinga!

Takk, Úlfar, fyrir að hafa verið svo mikill og ástríðufullur stuðningsmaður kennslu íslensku sem annars máls og kennara hennar. Stuðningur þinn, áhugi og vinskapur í gegnum árin hefur verið ómetanlegur og átt drjúgan þátt í að greinin hefur blómstrað!

ISLEX: Menningarbrú sem tengir fortíð, nútíð og framtíð

*Orðabækur detta ekki af himnum ofan.
Wörterbücher fallen nicht vom Himmel.*

(Bændaspeki úr Flóanum / Bauernweisheit aus dem Flói.)

Þegar Úlfar Bragason prófessor kynnti ISLEX-verkefnið fyrir okkur á lektorafundinum í Reykjavík 2012 (þeim fyrsta sem ég sótti), fannst mér ég hafa himin höndum tekið. Hér var komin orðabók sem innihélt allan þann fróðleik sem íslenskunemi þarf á að halda: Sérhverju orði fylgja beygingar¹ og framburður, einnig má finna orðatiltæki, orðasambönd, myndir og gagnlegar athugasemdir eða tilvísanir í texta. Á þeim tíma var ISLEX fyrst og fremst norræn orðabók með íslensku sem grunnmál og dönsku, norsku (bókmál og nýnorsku) og sænsku sem markmál. Orðabókarstofninn inniheldur 50.000 orð sem er „listi yfir valin orð í íslensku með áherslu á nútímamálið“.² Nafnorð mynda stærsta flokk orðanna, eða um 68%, lýsingarorð 17%, sagnir um 9%, atviksorð um 4% og svo eru smærri flokkar, eins og töluorð, forsetningar, samtengingar og meira að segja upphrópanir.³ Notkunardæmi eru um 30.000, en 10.000 orðasambönd, hvort sem um orðatiltæki eða orðastæðu er að ræða.⁴ Þannig var ISLEX með öllu fullkomið tól,⁵ enda byggt á umfangsmiklum rannsóknum og stórum gagnagrunni (60 milljónir orða úr textum frá því eftir 1980). Slíka orðabók hefði mig langað að eiga þegar ég lagði íslenskuna fyrir mig 1988.

¹ Undir „BEYGING“ opnast tengill að BÍN = *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: <http://bin.arnastofnun.is>. (Síðast sótt 27.2. 2019).

² Þórdís Úlfarsdóttir. 2011. „Upphaf ISLEX-verkefnisins“, bls. 1. https://islex.is/greinar/Islex_--_upphaf.pdf. (Síðast sótt 27.2. 2019).

³ Þórdís Úlfarsdóttir. 2013. „ISLEX – samnorræn margmála orðabók“, *Orð og tunga* 15, 41–71. (52.) (Síðast sótt 27.2. 2019).

⁴ Rósa Elín Davíðsdóttir. 2018. „LEXIA – en islandsk-fransk online ordbog: udfordringer og løsninger“, *Nordiske Studier i Leksikografi* 14, 63–70.

⁵ En það sýndi einnig könnun sem var gerð í mars 2014. 51% notenda fannst ISLEX einstaklega gagnleg orðabók, 38% mjög gagnleg, 10% gagnleg, en aðeins 1% notenda fannst orðabókin ekki gagnleg. Sjá nánar: Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir. 2016. „Hvem bruger ISLEX og hvordan?“, *Lexico Nordica* 23, 89–104.

Í hrifningu minni minntist ég á þá nauðsyn að fá ISLEX sem fyrst á þýsku og bjóst við því að slík útgáfa yrði fljótlega að veruleika, enda eru yfir 100 milljónir íbúa á þýska málsvæðinu og þar með stór „markaður“.

Tveimur árum seinna fengum við Halldóru Jónsdóttur verkefnisstjóra á lektorafundinn til München og fræddi hún okkur um ISLEX í heild sinni. Enn og aftur vorum við lektorar í þýskumælandi löndum eitt samfellt upphrópunarmerki, en hugmynd að bréfaskrifum til menningarráðherra í Þýskalandi, Sviss og Austurríki til að vekja athygli á ISLEX rann því miður út í sandinn. Færeyska útgáfan var opnuð, finnska útgáfan var gerð á til-tölulega skömmum tíma en enn bólaði ekki á þýsku útgáfunni.

Eftir að hafa leitað ráða hjá Úlfari Bragasyri ákvað ég að hefjast handa við þýðinguna. Mögulegt væri að klára verkefnið á 14 árum miðað við 10 orð á dag. En það mætti alveg eins gefast upp seinna – betra að reyna en láta ógert. Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, Guðrún Nordal prófessor, samþykkti Vínarháskóla sem samstarfsaðila og einnig lýsti Roger Reidinger prófessor og skorarformaður við Skandinavistik við sama skóla yfir stuðningi deildarinnar.

Ég fór til Reykjavíkur í febrúar 2018 og Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir leiddu mig inn í leyndardóma ISLEX. Smám saman komst ég að því að hugmyndir mínar um verkefnið voru á misskilningi byggðar. Ég hafði búist við einhvers konar excel-skjali, en ég lærði á fyrstu mínútunni, að það þyrfti að forrita hvert orð fyrir sig – með að minnsta kosti níu smellum í tilfelli einföldustu jafnheitanna. 50.000 orð þýddu heldur ekki 50.000 færslur, enda oft fleira en eitt jafnheiti á þýsku. Einnig var oft nauðsynlegt að þýða orðasambönd, orðatiltæki og færa inn athugasemdir.

Ritstjórn ISLEX varaði mig um leið við algengu áhugaleysi rannsóknarsjóða í útlöndum: Orðabók væri víða álitin handavinna, einhvers konar andlegt hekl, en ekki verk fræðimanns. Þótt það lægi í augum uppi að slíka orðabók bráðvantaði, þar sem orðabækur sem tengja þýsku og íslensku eru annað hvort úreltar, smáar í sniðum eða eru aðeins í aðra áttina⁶ – yrði

⁶ Þýska-íslenska:

Jón Ófeigsson. 1935. *Þýzk íslensk orðabók*. Reykjavík; Steinar Matthíasson. 2000. *Þýsk-íslensk orðabók*. Reykjavík; Heimir Steinarsson. 2000. *Þýsk-íslensk orðabók*. Stuttgart; Valgerður Bragadóttir, Elsa Björg Diðriksdóttir, Monika Finck, Matthías Frimannsson, Jón Gíslason, Jóhann Guðnason, Erla Hallsteinsdóttir, Bernd Hammerschmidt, Hildur Karítas Jónsdóttir, Claudia Overesch, Marieluise Schmitz. 2008. *Kompaktwörterbuch Deutsch-Isländisch. Rund 65.000 Stichwörter und Wendungen*. Stuttgart.

erfitt að fjármagna verkefnið. Þótt ég hafi hugsað um ISLEX-verkefnið sem einhvers konar tómstundagaman, var augljóst að það yrði að fá fleiri þýðendur ef orðabókin ætti að gagnast notendum. Helstu markhóparnir voru nemendurnir í íslensku eða þýsku auk fræðimanna í öllum (indó)germönskum fræðum, þýðendur og allt námsfólk, eins og t.d. það sem kemur frá Íslandi til að leggja stund á tónlist hérna í Austurríki.

Auðvitað eru til orðalistar á netinu þar sem aðgangur er opinn. Þeir innihalda þó nokkuð góðan og sívaxandi grunn, en um leið og um er að ræða sjaldgæfari orð eða orðasambönd kemur veikleiki þeirra í ljós. Fyrir utan það tilheyra slíkir listar „opna hugbúnaður-fyrirbærinu“ þar sem ritstjórnarleg ábyrgð er óljós.

Ævintýrið hófst um leið og heim var komið til Vínar. Hjá Halldóru Jónsdóttur og Þórdísi Úlfarsdóttur hafði ég fengið lista yfir 275 flokka nafnorða. Þýska útgáfan átti að heita LEXIA og mér var bent á að byrja á nafnorðunum og elta frönsku þýðinguna sem óx jafnt og þétt.

Strax varð að setja reglur um notkun þýskra heimilda eða skýringa sem gagnast notendum eða kerfinu, þessar helstar:

1. Að hvert orð sé skráð í þýsku orðabókinni *DUDEN*, nánar til tekið á vef orðabókarinnar www.duden.de. Sem varaorðabanki verði notuð *Das Wortauskunftssystem zur deutschen Sprache in Geschichte und Gegenwart*, www.dwds.de og *Der digitale Grimm*, www.woerterbuchnetz.de. Svæðisbundin heiti á að merkja sem slík. Þannig setti Þórdís Úlfarsdóttir athugasemdina „í austurrískri þýsku“ inn í kerfið. Einnig ber að merkja svæðisbundin orð „í norðurþýsku“. Suðurþýsku og austurrísku (þ. *das Bayerische*) þarf hins vegar ekki að merkja sérstaklega.

Íslenska-þýska:

Sveinn Bergsveinsson. 1967. *Isländisch-deutsches Wörterbuch*. Leipzig; Björn Ellertsson. 1993. *Íslensk-þýsk orðabók. Isländisch-deutsches Wörterbuch*. Reykjavík; Schmidt, Hans Ulrich. 2001. *Wörterbuch Isländisch-Deutsch: Mit einer kurzgefassten isländischen Formenlehre*. Hamburg.

Íslenska-þýska/þýska-íslenska:

Duppler, Ríta og Astrid van Nahl. 1993. *Isländisch-Deutsch, Deutsch-Isländisch*. Berlin.

2. Til að auka skilning þýskumælandi notenda, fylgi eftirfarandi skýringar (dæmi):

umgangssprachlich – óformlegt
isländische Spezialität – séríslenskur réttur
altertümliche Bezeichnung – gamaldags
herabwürdigend – niðrandi
Sammelbezeichnung – safnheiti

3. Notuð verði kvenkyns og karlkyns nafnorð alls staðar sem það á við í þýsku, samanber *læknir*:

Arzt (karl)
Ärztin (kona)

4. Stundum þarf að tengja lýsingarorð og nafnorð til að ná réttri merkingu á þýsku, samanber *daudastuna* 'letzter Atemzug', *elliár* 'hohes Alter', *framlimur* 'vordere Extremitäten', flt., til að nefna fáein dæmi. Hér þarf að ganga úr skugga um að greinirinn, sem verður settur inn á rafrænan hátt í lokin, stangist ekki á við sterka beygingu lýsingarorðsins.

Á lektorafundinum í Reykjavík í maí 2018 ákvað Hartmut Mittelstädt, fráfarandi lektor í Greifswald, að leggja hönd á plóg. Hann er fjölbæfur íslenskufraeðingur, þýðandi, íslenskukennari og hefur unnið að útgáfu þýsk-íslenskrar orðabókar sem þó mun ekki birtast á prenti. Frá því Hartmut Mittelstädt hófst handa við ISLEX hefur verkefnið fengið byr í seglin. Á aðeins einu ári gátum við í sameiningu lokið við að þýða 5.500 uppfletti-orð, sem nemur 11% af orðabókargrunninum. Hartmut hefur á fáeinum mánuðum afkastað 4.163 færslum, en undirrituð 13.876 færslum á einu ári. Robert Nedoma frá Vínarháskóla hefur boðist til að þýða uppflettiorð úr skákinni.

Verkinu fylgja svo bréfaskrif til fyrirtækja og sjóða, könnun á fjármögnunarmöguleikum,⁷ kynningarstarfsemi og vefsíðan www.weloveicelandic.org, sem fræðir þýskumælandi almenning um ISLEX á þýsku og hvetur til þess að leggja verkefninu lið. *Weloveicelandic*-síðunni fylgir svo

⁷ Til dæmis var gerð ítarleg leit að fjármagni hjá Evrópusambandinu, en svörin sem fengust voru með öllu neikvæð.

blogg um snilld íslenskunnar, sérstaklega það sem varðar orðatiltæki eða nýyrði, enda gæti þýskumælandi heimur tekið sér íslenskuna til fyrirmyndar – þýskan lætur tökuorðin vaða yfir sig.

Hingað til hefur ekki tekist að fjármagna verkefnið, en til þess að ISLEX verði opnuð á sem skemmstum tíma þarf fjármagn, fleiri þýðendur og ekki síst að almenningur sýni verkefninu áhuga. Leitin heldur áfram, vinnan er óþrjótandi, en vonin lifir um að verkefnið klárast sem fyrst. Þannig þjónum við okkar köllun sem íslenskukennarar: Að gera heimsbókmenntatungumálið aðgengilegt á þýska málsvæðinu.

Dönsk tunga á Íslandi og nöldrandi Íslendingar í Kaupmannahöfn

Afmælisbarnið hefur undanfarið mátt þola sinn skerf af nöldri yfir bágbornum aðstæðum sem íslensk fræði mega búa við í Kaupmannahöfn. Að hlýða á kvartanir annarra getur verið hin mesta mæða en þá ber að hafa í huga að virðuleg söguleg hefð er fyrir barlómi af þessu tagi sem teygir sig aftur í aldir. Því til staðfestingar verður hér rifjað upp gamalt dæmi, kannski það elsta, um svipaðan barlóm Hafnar-Íslendinga í bransanum fyrr á öldum.

Árið 1766 var prentaður í Höfn þési einn með titlinum *Tanker om det Danske Sprogs nye og gamle Tilstand og Forbedring* o.s.frv.¹ Ritgerð sú sem þarna birtist er nú fágæt og hún var gefin út nafnlaus og höfundurinn ókunnur að öðru leyti en því að hann lýsir sér sem menntamanni í Kaupmannahöfn. Feluleikur höfundar skýrist af því að á þessum tíma áttu menn yfir höfði sér dóma fyrir að láta í ljósi skoðanir sem yfirvöldum hugnaðist ekki. Þótt aðalefni ritgerðarinnar sé málrækt og hreintungustefna syrgir höfundur glataða máleiningu Norðurlanda og jafnvel pólitíska einingu þeirra en horfir aftur til Kalmarsambandsins og tíma Margrétar I. drottningar sem gullaldar í sögu heimsveldis Norðurlanda undir forystu Dana: „Det Sprog som tilforns gik over hele Norden, fornemmelig over de trende Riger [þ.e. Noreg, Svíþjóð og Danmörku] og udbredde sig ogsaa til endeel nær og fiær liggende Lande [hér á hann við Saxland, England og Norður-Frakkland], kaldtes Dansk Tunge“ (bls. 5). Hann telur að þetta mál, dönsk tunga, sé frumtungu og þar með ekki afsprengi annarra mála, ekki einu sinni gotnesku, og alls ekki þýsku, heldur sannkölluð drottning meðal tungna: „[m]en den Danske Tunge var ret en Dronning iblant alle disse Sprog“ (bls. 9). Einkum þýskt mál finnst honum vera miklu ófullkomnara en hið gamla danska eða norræna: „Det gamle Tydske Sprog har ... aldrig

¹ *Tanker om det Danske Sprogs nye og gamle Tilstand og Forbedring til det Danske Folk; og i sær til alle fornuftige og ærlige lærde og retsindige Danske Mænd*, Kaupmannahöfn: Andreas Hartvig Godiche, 1766; stafræn endurgerð á vef Konunglega bókasafnsins danska, hér: <http://www.kb.dk/books/kubsam/2008/apr/00003> (síðast skoðað 25. feb. 2019). Ég þakka Annette Lassen fyrir að hafa vakið athygli mína á þessu merkilega riti.

naaet den Fulkommenheds Grad, som det gamle Danske. Der maa tages hvilket Evne man vil: Poë sien, Historierne, Lovene, det Nordiske Sprog skal jevnlig og i alle Tifælde spille Mester“ (bls. 10).

Viðhorf höfundar má flokka til skandinavisma og verður trauðlega fundið eldra eða skýrara dæmi um þá hugmyndafræði. Ekki er þó allt sem skyldi í Skandinavíu því tveimur öldum fyrir siðaskipti telur hann að „danskri tungu“ hafi tekið að hnigna og hinar ýmsu skandinavísku mállýskur að fjarlægjast hver aðra meira en áður var, sérstaklega í bæjum og borgum. Á útkjálkum hafi breytingarnar þó orðið hægari þar sem samgangur var minni á milli manna og heimsóknir kaupmanna fátíðari. Á samtíma höfundar „tales næsten den samme Dansk udi Kiøbstæderne og ved Soekanten i Norge, som her hos os [í Kaupmannahöfn]“ (bls. 16). Á hinn bóginn hefur hið forna mál að töluverðu leyti varðveist í Færeyjum, segir hann, „i Rang med det Fjæld-Norske“ (bls. 16). Jafnframt er Svíum hrósað fyrir að hafa hreinsað og ræktað forntunguna betur en Danir. Þó er aðeins einn staður í heiminum þar sem hinn nafnlausí Kaupmannahafnarbúi telur sig hafa fundið „den ædle Danske Tunge [...] saa fuldkommen som den var i den blomstrende Alder“ (bls. 17) – og það er á Íslandi.

Ástæðan fyrir þessu er sú, segir hann, að á tíma Margrétar I. tóku nokkrir danskir föðurlandsvinir sig upp og fluttu til Íslands og höfðu með sér hina dönsku tungu sem þeir svo ræktuðu í sinni hreinustu mynd þar á eyjunni á meðan hún bjagaðist æ meira annars staðar. Ég þekki ekki aðrar heimildir um þessa meintu forvörslu danskrar tungu á Íslandi á árunum í kringum 1400. Til þess að hreinsa og lagfæra hina afbökuðu dönsku tungu samtímans annars staðar en á Íslandi leggur höfundur hins vegar til að sam-in verði „Dansk Etymologisk Lexicon“ (bls. 30) upp úr hinum hreinustu og upprunalegustu orðum og málsháttum Norðurlandamálanna allra sem megi velja og skýra með hliðsjón af íslensku. Og þess vegna eru „Islænderne [...] umistelige ved dette Arbeyde. Deres Sprog er hos os en herlighed, hvis Mage intet Rige i Verden har“ (bls. 31).

Íslendingar eru og ómissandi við útgáfur íslenskra fornsagna, segir höfundur. Og hér komum við að kjarna málsins, því þeir kvarta sáran yfir því hve illa hafi til tekist þegar aðrir reyni að búa slík rit til prentunar án aðstoðar Íslendinga eða án þess að nefna þá Íslendinga sem hafa aðstoðað þá; þá verði útgáfunar aðhlátursefni bænda á Íslandi:

da nægte Islænderne reent ud, at nogen af dem har været ret grundig derudi; thi enten har de taget en Islænder sig til Hielp, eller og deres Arbeyde har ikke holdt stik; saa at naar Bønderne i Island skal have seet slige trykte Stæder af deres Sagar, har de forundret dem og spurgt, hvor den bagvendte Mundart er kommen fra; thi de mærke strax, naar en Bogstav, en Casus, en Bøyelse m.v. er urigtig. Vi lade een eller anden Islænder arbejde for os, og betale ham hans Umage med Penge; derpaa give vi vores Værk ud, og melde ikke hans Navn. Den Maade er ikke sikker for os. Slette Arbejdere ere vel fornøyede med at lade sig got betale, hvad som lidet eller intet er værdt og staae dog ingen Hazard, siden de ikke blive bekiendte; men mon ærlig-sindede og duelige Personer vil lade dem saaledes bruge? Ney; Leyesvende kand vi alletider faae, som ere dristige nok til at give dem ud for lærde Arbejdere og tage god Betaling for det som ikke duer; men bag efter kand den hele Omgang blive os selv til Vanære. Derfor er det bedre, at søge kuns de grundige og redelige: Hvad de gjør, bør de have Navne for og Betaling oven i Kiøbet, saa bør de da ogsaa svare for deres Arbeyde. Paa denne Maade har en Worm, en Stephanius, en Resen, en Bartholin og flere berømmelige Danske Mænd bragt noget lærdt ud af det Nordiske Sprog for Lyset; det gaaer slet intet fra deres Lærdom og Fortienester, endskiønt de nævne deres Handlangere og Correspondentere. Derimod kunde jeg navngive andre Forfattere og Fortolkere, som have arbejdet ved det gamle Sprog og fortiet deres slette Medhielperes Navn, i Tanker om at beholde Æren allene; men deres Værker har ogsaa været derefter og de have foraarsaget langt større Skade end Nytte for det Almindelige. (Bls. 33–35.)

Þarna virðist mér skína í gegnum skrif hins óþekkta Dana fyrir meira en þúsaldarfjórðungi að hann hafi, líkt og Úlfar undanfarin ár, mátt þola biturt nöldur Hafnar-Íslendinga yfir bágbornum aðstæðum þeirra sem stunduðu íslensk fræði í borginni. Og er þá ekki víst að hann hafi aðeins rætt við þann fræga Jón Marteinsson (d. 1771) þótt sá góði maður hafi tæplega látið sitt eftir liggja.

Raunar furðar höfundurinn sig á því að enginn Dani hafi lagt það á sig að nema sjálfur hið forna mál þrátt fyrir að það „vist nok er gjørligt“ (bls. 35), eins og hann orðar það af varfærni, enda ekki dautt mál líkt og forngríska og latína heldur lifandi mál á Íslandi. Danskir námsmenn gætu þá siglt til Íslands til náms í gullaldardönsku. Aftur snúnir til Kaupmannahafnar fullnuma gætu þeir viðhaldið málinu með lestri íslenskra handrita sem nóg var af í borginni (og er enn) og með umgengni við íslenska námsmenn þar, samhliða stílæfingum. Hann er viss um að Danir sem gengju menntavegin á Íslandi myndu hafa stórfelld áhrif til framfara fyrir danska tungu í Danmörku: „De ville i Sandhed udrette noget stort, og det Danske

Sprogs Forbedring ville upaatvivlelig gaae for sig“ (bls. 36). Á móti gætu íslenskir námsmenn í Höfn numið evrópsk tungumál, t.d. frönsku, þýsku eða ensku, af Dönunum (bara ekki dönsku!). „Jeg er forvisset om,“ segir hann ennfremur,

at der ville komme nogen anseelig og tilforns ubekientd Vinding ud af vores tilfælles Studeringer. Hele Europa skulle aabne Øynene, og med største Begierlighed tilkiøbe sig den Danske Viisdom; thi alle paaslægtede Sprog og Mundarter ville blive sat i et klart Lys. De mange uforlignelige Nordiske Love ville komme for Dag; Lovkyndigheden faae et nyt Liv, og uventede Oplysninger opqvælde fra denne skiulte Kilde. (Bls. 36–37.)

Tónninn hér minnir dálítið á styrkumsóknir til Evrópusambandsins á okkar tímum. Pósturinn að ofan gæti staðið undir fyrirsögninni *Impact*.

Að lokum sér þessi forspái Dani fyrir sér að til framtíðar verði það hlutverk danskra menntamanna „at holde over og bevare de Levninger vi endnu have hiemme hos os af vore Forfædres Modersmaal“ (bls. 37) en þó einkum að „holde vaaget Øye med den Danske Tunge i Island, og see den sammesteds bestandig vedligeholdet; thi hvis vi tabe denne uforlignelige Skat; da er alting forløben“ (bls. 37–38). Hræðilegast finnst honum sumsé til þess að hugsa að danskri tungu á Íslandi gæti hnignað líkt og henni hefði hnignað í Danmörku. Hér er þörf eftirlendufraeða til að skilja hvað er á seyði því það er engu líkara en íslensk málstefna hafi verið fundin upp í Danmörku árið 1766.

Er nema von að maður nöldri?

Ástin á tímum sumarnámskeiða

Frá árinu 1989 eða í tuttugu og níu ár hefur Stofnun Sigurðar Nordals og síðar Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum með Úlfar Bragason í fararbroddi haldið Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku fyrir erlenda stúdenta og fræðimenn. Námskeiðið er á háskólastigi, metið til 10 eininga í BA-námi og haldið í góðu samstarfi við Háskóla Íslands.

Það er í raun ótrúlegt til þess að hugsa að á fyrstu árum námskeiðanna bárust umsóknirnar með pósti og öll samskipti voru í formi bréfaskipta á þar til gerðu bréfsefni og í símtölum. Nú er öldin önnur og þó Úlfar sé nákvæmlega eins og á upphafsárum námskeiðanna þá hefur öll umsýsla í kringum þau og samskipti við umsækjendur og þátttakendur gjörbreyst. Auk Úlfars er þó annað sem hefur haldist óbreytt þessi árin og það er áhugi fólks víðs vegar um heiminn á íslensku, kraftur þess og dugnaður við að leggja á sig að læra þetta örtungumál og hjálpa þannig til að halda því lifandi.

Allt frá upphafi hefur verið mikil aðsókn í námskeiðið en öllum sem hafa lokið sem nemur einu námsári á háskólastigi er velkomið að sækja um. Vinsældir Alþjóðlegs sumarnámskeiðs í íslensku hafa haldist stöðugar í öll þessi ár og miklu mun færri komast að en vilja en frá aldamótum hafa umsækjendur verið um og yfir eitt hundrað að jafnaði. Fjöldi umsókna hefur þó á stundum haldist í hendur við þjóðfélagsástandið heima og að heiman og hafði sem dæmi hrunið 2008 sýnileg áhrif á fjölda umsókna þegar aðeins sextíu og átta umsóknir bárust árið eftir, en til allrar hamingju, eins og með flest annað, var það tímabundið og fjölgaði umsóknum aftur jafnt og þétt næstu árin og hafa síðustu ár verið nær hundrað og tuttugu að jafnaði. Það er að vonum vandi að velja úr svona stórum hópi hæfra umsækjenda þegar aðeins er pláss fyrir um þrjátíu og fimm nemendur ár hvert. Lúxusvandamál, að vísu, en vandasamt og snúið. Árið 2005 var ferlinu breytt í þá átt að allir umsækjendur færu í gegnum fyrsta hluta *Icelandic Online* vefnámskeiðsins og skiluðu inn prófi sem miðaðist við A1 kunnáttu í íslensku. Þrátt fyrir þessar forkröfur fækkaði umsóknum ekki svo mjög og meirihluti umsækjenda hefur tekið prófið ár hvert og sýnt þar með skýran vilja til að sækja námskeiðið.

Umsóknir á námskeiðið hafa borist frá öllum heimshornum. Bandaríkjamenn hafa þó verið allra þjóða duglegastir og Bretar og Þjóðverjar fylgja á eftir en umsóknir á námskeiðið hafa borist frá yfir áttatíu löndum. Samkvæmt umsóknunum eru ástæður þess að fólk sækir í námskeiðin afar fjölbreyttar og fylgja jafnvel tíðarandanum eins og annað. Fornögurnar og málvísindi hafa alltaf skipað stóran sess en svo eru þættir eins og íslensk tónlist með Björk og Sigurrós í fararbroddi, hrúnið og úrvinnsla þess og nú í seinni tíð kvikmyndir og nútímabókmenntir.

Árið 2018 hafa vel yfir eitt þúsund manns, nánar tiltekið um 1.120 þátttakendur eða þrjátíu og átta nemendur að jafnaði á ári, sótt landið heim og fengið kennslu í íslensku máli og menningu, hlýtt á fyrirlestra, farið í dagsferðir og notið íslenska sumarsins og bjartra nóttu. Eins og er með umsækjendurna koma flestir nemendur frá Bandaríkjunum en Bretland og Þýskaland fylgja fast á eftir, þátttakendur hafa í raun komið á námskeiðið frá öllum heimshornum, Kína, Kóreu, Ísrael og Síle svo fá lönd séu nefnd. Kynjahlutfall hefur verið ótrúlega jafnt í áranna rás og meðalaldur þátttakenda um tuttugu og níu ár.¹ Þetta er frábær hópur og margir verið áfram í góðum samskiptum að námskeiðinu loknu. Til viðbótar við þennan stóra hóp er síðan fjöldi nemenda á öðrum sumarnámskeiðum stofnunarinnar sem Úlfar hefur staðið fyrir sem eru námskeið í samstarfi við Minnesotaháskóla, Snorraverkefni Þjóðræknifélagsins og Nordkurs.

Sumir þátttakendur hafa lagt mikið af mörkum til rannsókna á sviði íslenskra fræða á meðan aðrir fundu sig svo vel hér á landi ísa að þeir ílengdust, sneru ekki aftur til síns heima og sinna nú hinum ýmsu störfum í íslensku samfélagi og auðga þar með menningu okkar og daglegt líf.

Það er eitt sem sameinar okkur öll sem höfum komið að sumarnámskeiðum í íslensku síðustu árin, hvort sem það eru skipuleggjendur, kennarar eða þátttakendur og það er ástin á íslenskri tungu, íslenskri menningu og sögu, ástin á lífinu og jafnvel hvert á öðru, en ósjaldan hefur ástin kviknað á tímum sumarnámskeiðanna sem er kannski það allra allra besta.

¹ Þessar tölur byggja að mestu á samantekt og vinnuskjölum um námskeiðin frá árunum 2004–2016 en tölfræðin hefur verið mjög svipuð í gegnum öll nær 30 árin.

Við heita pottinn

Þegar ég hugsa um Úlfar þá koma tvær gagnólíkar sviðsetningar upp í hugann, heiti potturinn í Vesturbæjarlauginni og sögusvið Sturlungu, ekki síst heimkynni Sturlunga á Vesturlandi. Lifandi áhugi Úlfars á arkitektúr leiðir mig til að tengja þetta tvennt saman og skenkja honum í þessu riti hugleiðingu um frásögn Sturlu Þórðarsonar af heita pottinum í Reykholti, kvöldstund eina í júlí árið 1228.¹

Frásögn Sturlungu fer jöfnum höndum fram innanhúss og utan. Náttúrufar og landslag hefur vitaskuld áhrif á sviðsetningu atburða og lýsingar á ferðalögum, en þegar atburðum vindur fram innanhúss verður rýmið áþreifanlegri þáttur í frásögninni. Nákvæmar lýsingar á hóbýlum og ríkidæminu heima hjá Gissuri Þorvaldssyni rétt fyrir brennuna á Flugumýri eiga stóran þátt í að tengja lesandann eða áheyrandann við þann voveiflega atburð. Sama á við um árásina á bæ Sturlu Sighvatssonar á Sauðafelli eða illa grundaða árás Sturlu inn í bæ Þórðar föðurbróður síns. Við sjáum fólkið fyrir okkur heima hjá sér, í rekkju, í stofu eða jafnvel á leið á kamarinn. Þessar nærgöngulu lýsingar eru síðan dýpkaðar af samtölum, eins og stórkostlegri frásögn af samtali Sighvats Sturlusonar við Sturlu son sinn þar sem Sighvatur liggur í lokrekkju sinni snemma morguns, eða kveðskap sem hægir á frásögninni og dregur lesandann að kjarna atburðarins og að tilfinningum persónanna.

Flutningur kveðskapar er iðulega rammaður inn í hið manngerða rými í miðaldasögum okkar: Skáldið kveður í höllu konungs, á kirkjugólfinu, í gleðskap í skálanum eða jafnvel á skipsfjölnum. Við eigum hins vegar ekki mörg mannvirki frá þrettándu öld sem rísa upp úr sverðinum. Eitt þeirra er Snorralaus í Reykholti þar sem Snorri hefur notið hvíldar og rökrætt málefni dagsins kvöldin löng – eins og landar hans gera enn.

Uppgröfturinn í Reykholti, sem Guðrún Sveinbjarnardóttir stýrði, hefur bætt við mikilli þekkingu á þeim vettvangi sem margir þekktir atburðir

¹ Þessi þáttur er hluti af erindi sem flutt var á málstofu um Sturlungu sem Úlfar skipulagði á Hugvísindapingi 8.–9. mars 2019. Auk mín fluttu Úlfar og Guðrún Ása Grímsdóttir erindi.

gerðust, eins og morðið á Snorra í kjallaranum. Við sjáum nú betur fyrir okkur þær byggingar sem blöstu fyrrum við augum Sturlunga og enn er laugin sérstakur segull. Snorralaug minnir okkur á Íslendingar hafa nýtt sér hið félagslega mikilvægi lauga og heitra potta allt frá öndverðu, eins og frásagnir sanna af lauginni í Sælingsdal og Vallalaug í miðjum Skagafirði þar sem fólk hittist og blandaði geði saman.

Ein frægasta vísa Sturlungu er kveðin við Snorralaug. Áhrifamáttur vísunnar er mikill í sjálfu sér en sviðsetningin er í senn nærgöngul og hrífandi:

Þat var eitt kveld, er Snorri sat í laugu, at talat var um höfðingja. Sögðu menn, at þá var engi höfðingi slíkr sem Snorri ok þá mátti engi höfðingi keppa við hann fyrir sakir mæðga þeira, er hann átti. Snorri sannaði þat, at mágar hans væri eigi smá-menni. Sturla Bárðarson hafði haldit vörð yfir lauginni, ok leiddi hann Snorra heim, og skaut hann fram stöku þessi, svá at Snorri heyrði:

Eiguð áþekkt mægi
orðvitr sem gat forðum
– ójafnaðr gefsk jafnan
illa –, Hleiðrar stillir.²

Hvar erum við stödd? Snorri er að stíga upp úr heita pottinum, væntanlega léttklæddur og berskjaldaður. Hann hefur setið þar með sínu nánasta fylgdarliði og rökrætt eldfimt stjórn málaástandið þar sem hann sjálfur og tengdasynir hans eru helstu leikendur. Lauginni fylgir óformlegur bragur. Einfætta skáldið Sturla Bárðarson, frændi Snorra, stendur vaktina, en hann kom í Reykholt eftir að Þorvaldur Snorrason lét fóthöggva hann. Sturla hefur stundina upp í heim goðsögunnar, beint inn í konungshöllina. Sturla ber Snorra saman við Hrólfr kraka, hinn harmræna danska kóng sem Snorri fjallaði um í Eddu sinni. Hið hversdagslega mætir hinu háleita. Í dag hugsum við aðallega um sviðsetninguna, tengslin við bæjarhúsin, gönguna frá laug til húss. En goðsagan um Hrólfr kraka er eins og leikrit í leikritinu og sviðsetningin í raun þreföld. Kvöldstundin í Reykholti, tilvísunin í pólitíska refsakák Sturlungaaldar og sagan um hinn danska kóng sem féll í orrustu við mág sinn.

² *Sturlunga saga* I, Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlunguútgáfan: Reykjavík, 1946, bls. 319–20.

Vísur eru notaðar með markvissum hætti í Sturlungu, þó í mjög mismiklum mæli eftir sögum og sjaldnast í svo mögnuðu samhengi hins manngerða rýmis. Bestu dæmin eru í Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar sem Úlfar hefur opnað fyrir okkur í skrifum sínum. Þess vegna er það áhugavert að fyrsta vísan í Sturlunga sögu sé í svo nánu samspili við rýmið. Bragi skáld Boddason situr í öndvegi Hjörs konungs og kveður þaðan fyrstu vísuna í safninu sem afhjúpar lygina við hirðina og þar með konunglegan uppruna Geirmundar heljarskinns og Hermundar. Það skiptir máli hvar hann situr þegar hann mælir hinn kynngimögnuðu orð og dregur um leið fram rauða þráðinn sem mun ganga í gegnum safnið allt.

Byggingar og aðskiljanlegar vistarverur í híbýlum manna, og einnig önnur manngerð rými eins og laugin, eru krónótópar eins og Bakhtin skilgreindi þá, þaulskipulagðar sviðsetningar fyrir vísur í sögum. Ef við gleymum sviðsetningunni tapast samhengið. Síðan má spyrja hver sé merking ólíkra rýma á bænum. Hvaða merking felst í samtali eða flutningi vísu í almannarými eins og stofu eða skála, eins og í vísunum í Reykhólabrúðkaupinu, eða í einkarými, jafnvel í lokrekkjunni sjálfri eins og gerist svo oft í Egils sögu.

Enn í dag skiptir samhengi og sviðsetning máli í hverri frásögn. Það skiptir máli hvort við mælum orðin fram í heita pottinum í lauginni eða í ræðustól í fyrirlestrasal. Megi Úlfar njóta hvors tveggja um ókomna framtíð.

Er íslenskan djók?

Þarf að vernda íslensku? Fyrir hverju? Tungumálið er lifandi og frjótt og nauðsynlegt að hlúa að því þannig að það geti vaxið og dafnað. Nám í íslensku sem öðru máli er liður í þessu. Stofnun Sigurðar Nordals hefur í mörg ár, undir stjórn Úlfars Bragasonar, staðið fyrir sumarnámskeiðum í íslensku. Íslenska sem annað mál við Háskóla Íslands er fjölmennasta greinin á Hugvísindasviði. Þetta dugar þó ekki ef við ætlum að halda áfram að tala íslensku á Íslandi. Til þess þarf vitundarvakningu hjá þjóðinni. Íslendingum þykir vænt um tungumálið en hugsa kannski ekki mikið um það í dagsins önn. Áhyggjufullir fræðimenn koma fram í fjölmiðlum til að ræða stöðu tungumálsins og benda á hvað skuli gera til að íslenska sé nothæf í stafrænum heimi. Kannski höldum við (hin) að þetta reddist einhvernvegin.

Dæmi eru um að fyrirtæki geri grín að íslensku máli, t.d. eru seldir bolir með áletruninni „Ég tala ekki íslensku“. Annað dæmi er að finna á bréfpokum í sætisvösum flugvéla WOW Air. Þar er „ælukvarði“ þar sem eru talin upp ýmis atriði sem gætu valdið ógleði hjá farþegum, meðal þess er að finna í öðru sæti: „Icelandic pronunciation“.

Ástkæra, ylhýra málið okkar er ekki lengur nothæft við kaup á kaffibolla eða veitingum í miðbæ Reykjavíkur. Margir erlendir starfsmenn vinna við þjónustustörf á Íslandi um þessar mundir. Fæstir þeirra tala íslensku. Það fer fyrir brjóstið á mörgum Íslendingum að geta ekki notað íslensku við kaup á veitingum og þjónustu. Vinnuveitendur virðast ekki gera kröfu um íslenskukunnáttu starfsfólks. Hvað veldur? Ein skýring gæti verið að íslenskunám kostar tíma og peninga. Auk þess er skortur á menntuðum kennurum til að kenna íslensku sem annað mál. Skiptir þetta máli? Auðvitað skiptir það máli að íslenskukennsla sé í höndum fagfólks enda ekki á allra færi að kenna íslensku sem annað mál þótt þeir tali málið. Ekki eru allir sammála um að gera þá kröfu að fólk í afgreiðslustörfum tali íslensku; ekki sé rétt að krefjast þess að fólk sem kemur hingað til að vinna í stuttan tíma og oft á lélegum launum leggi á sig tungumálanám. Ég vil benda á að það tæki menntaðan íslenskukennara ekki langan tíma að kenna afgreiðslu-

fólki algengustu orðin og frasana til að nota við afgreiðslu. En hverjir bera ábyrgð á tungumálinu? Kannski bara fræðingarnir í Háskóla Íslands? Við getum líka velt fyrir okkur hvort við eigum kröfu á að geta notað íslensku í daglegu lífi? Það er alls óvíst en hinsvegar er ekkert því til fyrirstöðu að við gerum kröfu um slíkt enda skiptir miklu fyrir íslenska tungu og menningu að íslenska sé gjaldgeng alls staðar í samfélaginu. Við þurfum að hefja íslenska tungu til vegs og virðingar að nýju. Íslenska er hvorki merkilegri né erfiðari en önnur tungumál (þótt margir haldi því fram). En hún er okkar mál.

Heilabrot orðabókarmanns um hljómflytningstæki

Stuttu eftir ársfund íslenskukennara í Reykjavík í fyrra hringdi Eleonore Gudmundsson til mín frá Vínarborg og bauð mér að vera með í þýskri útgáfu ISLEX-orðabókarinnar sem ber heitið *LEXIA* og þar sem hún er verkefnisstýra. Ég var ekki lengi að hugsa mig um og sló til, enda um að ræða afar þarft verk og gagnlegt. Mér finnst gaman að fást við svona þolinmæðisverk sem þetta verkefni tvímælalaust er. Þar að auki hef ég svolitla reynslu af orðabókarvinnu, nánar tiltekið við þýsk-íslenska orðabók, sem því miður fór út um þúfur fyrir nokkrum árum. Og ekki síst – ég hef tíma til umræða eftir að ég fór á eftirlaun síðastliðið haust.

Eftir stutta skólun um innslátt orða á Íslandi í haust er ég núna kominn á fullan skrið með að þýða, til að byrja með orð sem merkja „stykki“ og er „stykkja“-fjöldinn hátt á áttunda hundrað. Sum orðanna eru auðþýdd á þýsku eins og von er – t.d. *akkeri*, *armband*, *bakpoki*, *barómet*, *kaffifilter* og *statíf*. Önnur krefjast meiri umhugsunar af ýmsum ástæðum. Til dæmis er þýska jafnheitið fyrir *bílstóll* aðeins lengra (þ. *Autokindersitz*), og í þýska jafnheitinu fyrir *flugmódel* (þ. *Modellflugzeug*) eru orðhlutarnir í öfugri röð miðað við íslenska orðið. Sum orð geta haft mjög margar merkingar eins og *göndull*, *kefli* og *merki*, önnur eru liður í mörgum notkunardæmum, orðastæðum og föstum orðasamböndum eins og *hlutur*, *hús*, *mynd*, *stafur* o.fl. Og svo eru ófá orð á listanum sem ég hef aldrei heyrt, hvað þá notað, eins og *blökk*, *klepri*, *sakka* og *sliskja*. Væri fróðlegt að vita hvort venjulegur höfuðborgarbúi þekki t.d. nafnorðin *kilpur*, *klafi*, *klakkur* eða *stífa*. Og mesta basl er alltaf að þýða orð um sérstök íslensk menningarfyribæri, sbr. *bolluvöndur* og *sigvaður*.

En svo rekst maður stundum á orð sem vekja allskonar persónulegar minningar, t.d. orð sem tengjast leiðum til að nálgast upphaldstónlist sína. Þau sýna jafnframt hve hröð þróunin hefur orðið í afspilunartækninni á undanförunum fimm eða sex áratugum.

Plötuspilarar: Foreldrar mínir áttu *plötuspilara* og ég eignaðist nokkrar *hljómplötur* eða *víníplötur* sjálfur, bæði *breiðskífur*, *stuttskífur*/*snöggskífur* og *smáskífur* (sum þessara orða vantar á listann). En það var ekki svo auðvelt í

gamla Austur-Þýskalandi, t.d. keypti ég mína fyrstu Bítlaplötu (kennda við liðþjálfann Pepper) á Íslandi sumarið 1973. Og í þakklætisskyni fyrir fararstjórástörf á Eystrasaltsvikunni gáfu Íslendingar mér eitt sinn hljómplötu þar sem Halldór Laxness las upp „Söguna af brauðinu dýra“.

Segulbandstæki: (Nafnorðin *segulbandstæki* og *segulband* vantar reyndar á „stykkja“-listann en þau er vonandi að finna annarsstaðar í orðabókinni.) Eitt slíkt var til heima hjá pabba og mömmu – stórt og þungt, tékkneskt að uppruna, ef mig minnir rétt, og með því var hægt að taka upp tónlist úr útvarpinu. Best var að taka upp seint á kvöldin þegar hljótt var orðið í íbúðinni og setja varð hljóðnemann alveg við útvarpstækið. Tóngæðin voru eftir því og í þokkabót flæktist bandið stundum þannig að til varð „bandsalat“ eins og kallað var. Á þeim tíma hlustuðum við íslenskunemendur í Greifswald oft á *segulbandsspólur* með *Linguaphone Icelandic Course*. Þessar upptökur fylgdu kennslubók okkar *Icelandic. Grammar, Texts, Glossary* eftir Stefán Einarsson (þriðju prentun frá 1956) og voru upprunalega á hljómplötum en einhver hafði afritað þær fyrir kennsluna (sjá grein Helgu Hilmisdóttur í þessu riti).

Kassettutæki: Ég átti eitt lítið, frekar lélegt tæki, en aldrei svokallað *vasadískó* (þetta orð vantar líka á listann). Fyrir dagpeningana sem ég fékk fyrir túlkun á ráðstefnu á Íslandi vorið 1987 keypti ég í nývígðri Leifsstöð rétt fyrir brottför japanskt „tvinntæki“, sem var í senn *útvarpstæki* og *kassettutæki* og í ofanálag með innbyggðum hljóðnema. Síðan hlustaði ég á *kassettur* eða *snældur* og tók upp tónlist út tíunda áratuginn þangað til nýtt afspilunarsnið kom til sögunnar og geisladiskurinn hóf sigurgöngu sína.

Geislaspilarar: Við hjónin eigum tvo eða þrjá slíka heima og þar að auki þrjár tölvur sem eru með drif fyrir *geisladíska*. Og að sjálfsögðu eigum við *MP3-spilara* líka. Hins vegar notar konan mín aldrei *snjallsímann* sinn til þess að hlusta á tónlist og sjálfur held ég enn sem komið er tryggð við hundgamlan farsíma.

Þegar „stykkja“-listinn verður tæmdur mun ég fást við önnur merkingarsvið: læknisfræði, húsbúnað og byggingar. Vonandi tefst verkið þá ekki allt of mikið út af svipuðum heilabrotum – t.d. um allskonar kvilla og mein sem maður getur fengið, um úrelt heimilistæki og ný eða jafnvel um bráðnauðsynlegar og kostnaðarsamar viðgerðir í heimahúsum. Og vonandi getur þýska *LEXIA* farið á netið áður en langt um líður – verkefni sem honum Úlfari hefur alltaf verið mjög umhugað um.

Heimildaskrá

Halldór Laxness 1972: *Sagan af brauðinu dýra*. Erker Verlag St. Gallen.

Stefán Einarsson 1949: *Icelandic. Grammar, Texts, Glossary*. (Third Printing 1956). The Johns Hopkins Press, Baltimore.

Stefán Einarsson 1955: *Linguaphone námskeið í íslensku*. Linguaphone Institute Limited, London.

The Beatles 1967: *Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band*. EMI, London.

Að plata útlendinga – tvö dæmi

Í þeirri sérstæðu og fróðlegu *Lárentíus sögu biskups* eru raktir viðburðir sem næst frá 1267 til 1331, og hér verður haft fyrir satt að höfundurinn sé Einar Haflíðason sem lést 1393, og er þá sagan rituð á árabílinu 1331–1393, þótt elstu handrit hennar séu einum tveim öldum yngri (sjá um það mál formála Guðrúnar Ásu Grímsdóttur í Íf. 17, III). Frá því er greint í sögunni að Lárentíus hafi farið á fund Jörundar erkibiskups í Þrándheimi árið 1294 og kynnst þar „klerki einum miklum“, lærdómsmanninum Jóni eða Jóhannesi flæmingja, sem erkibiskup gerir að leiðbeinanda Lárentíusar. Þeir urðu að sönnu ágætir vinir, en Lárentíusi var „mikil skemmtan at hann brauz við at tala norrænu en komz þó lítt at“ en þegar Lárentíus bendir Jóni á að hann fái varla gott brauð nema hann tali mál innfæddra, svarar hinn flæmski: „Kann ek sem mér þarfar ok þat sem mér liggr á at tala“ (14. kap.). Þessi afstaða til tungumálsins er býsna kunnugleg nú á tímum þegar innflytjendum fjölgar mjög í löndum vorum norrænum, en Jón flæmingi er hreint ekki mállaus því hann talar, auk móðurmáls síns, liðuga latínu og af því verður þessi kátlega frásögn til:

Jón flæmingi [...] talaði einn tíma við Laurentium á latínu ok mælti:

„Kennið mér at heilsa á þennan yðar kompán upp á norrænu.“

Laurentio þótti mikit gaman at Jóni ok sagði: „Heilsaðu honum svá: Fagnaðarlaus kompán!“

„Ek undirstend,“ sagði Jón „at þetta mun vera fögr heilsan, því at gaudium er fögnuðr, en laus er lof,“ – gengr síðan at Klængi steypir, klappandi honum á hans herðar ok mælti: „Fagnaðarlaus kompán!“

Hinn hvessti augun í móti ok þótti heilsunin ei vera svá fögr sem hinn ætlaði.

Nú mælti Jón flæmingi við Laurentium: „Ek forstend nú at þú hefir dárat mik, því at þessi maðr varð reiðr við mik.“ (Íf. 17, 244).

Fyrir áhugafólk um hljóðsögu er hér gott efni: /au/ í *laus* hefur verið borið fram nógu líkt latnesku /au/ í *laus* til þess að Jón gæti látið narrast. Á sögutímanum hefur það sennilega ekki verið neitt vandamál, en á ritunartíma, hvað þá handritatið, er allt mun vafasamara. Hér er hvorki staður né stund

fyrir vangaveltur þar að lútandi, en bent skal á grein Stefáns Karlssonar „Stafsetning séra Odds á Reynivöllum“ (1981) og Aðalsteins Hákonarsonar „Aldur tvíhljóðunar í forníslensku“ (2016).

Jón flæmingi verður hér fyrir barðinu á íslenskumælandi brandarakarli sem notar sér fákunnáttu útlendingsins. Ég kann fá dæmi úr rituðu máli og þætti gaman ef einhverjir lesendur ykju í forðann og bentu mér á dæmi. Þetta er alls ekki bundið við íslenskt málsvæði. Fyrir löngu var mér kenndur brandari um það sem norskir sjóarar hefðu kennt ítölskum torgsölum að hrópa til að auglýsa sína vöru: „Appelsina, mandarina, sura som Satan!“ – Það hefðu reyndar verið furðu grunnhyggjir Ítalar sem ekki hefðu fundið skítalykt þegar Satan skaut upp kollinum!

Nú vikur sögu austur á Fýrisvöllu árið 1664. Þá ganga þeir frá Hrólfs sögu og Gautreks til prentunar prófessorarnir Verelius og Schefferus með aðstoðarmanni sínum Jonasi Rugman eða Jóni frá Rúgsstöðum. Texti útgáfunnar er á íslensku og sænsku en skýringar á latínu og mjög lærðar. Þar kemur sögunni að virki eitt er brotið og grafnar dyr á vegg þess með *graftólum* sem svo eru nefnd í sögunni og voru vafalaust bæði palar og rekur. Í sænsku þýðingunni er notað *graftyg* og er það elsta dæmi sem orðabók sænsku Akademiunnar á um samsetninguna, en bæði *tyg* og *gräva* eru mun eldri og merking þeirra einræð. Það er því vandséð hvaða nauður rak skýr- endur til eftirfarandi texta á síðu 95 í skýringum (*Gothrici et Rolfi ... 1664*):

Graftol) *þol* ab *þola* eft *patientia*, inde *fortuli* [= sárþoli?], qui vulneris dolorem patitur. *Orketol*, *robustus*, *tol* & *fære*, omnis generis instrumenta notat. Prov. *huer er finum tolum tamr* h.e. *adfvētis instrumentis optime quisque utitur*. *tol* eft membrum virile. Edda. *byxnatol* idem, *tuetolot* androgynus, hermaphroditus. *fa[un]gtol*, instrumenta mufica. *Smidatol* instrumenta fabrilia. *skriftol* instrumenta scriptoria. *graftol* instrumenta fofforia. *fisketol* inftr. piscatoria.

Hér er ýmislegt skrítið. Fyrst er að sjálfsögðu að nefna hina einkennilegu orðsifjafræði sem virðist gera að einu *tól* og *þol*. Það er úr lausu lofti gripið enda gerólíkir stofnar. *Sárþoli* (ef það er nú orðið) er hugsanleg samsetning en væri eindæmatiltekt hér, því orðið virðist ekki koma fyrir á bók. *Orketol* kynni að vera það sem við köllum nú *hörkutól* og þá latínupýðingin ‘robustus’ ekki fjarri lagi. Bæði *tól* og *færi* eru þekkt orð um verkfæri í fornum textum og ekkert að athuga við málsháttinn „hver er sínum tólum

tamastur“.¹ Hins vegar er vandséð hvaða erindi *tól* í merkingunni „getnaðarlimur“ og óbeygjanlega lýsingarorðið *tvítóla* eiga í þessu sambandi og vísunin til Eddu er mjög torráðin. *Buxnatól* finnst ekki í orðabókum og benda má á að *buxur* er ungt tökuorð bæði í sænsku og íslensku.

Söngtól, *smíðatól*, *skriftól* og *fiskitól* eru allt gegnsæjar samsetningar og bæði *söngtól* og *smíðatól* varðveitt á gömlum bókum. *Graftól* eru þýdd með „instrumenta fossilia“ í *Specimen Lexici Runici*, orðabók Magnúsar Ólafssonar í Laufási, og sú bók var þeim útgefendum í Uppsölum tiltæk.

Hér virðist allt bera að einum brunni: Jonas Rugman leiðir Verelius á strákslegar villigötur og notar sér takmarkaða kunnáttu fræðimannsins. Tólafræðin eiga ekkert erindi í skýringarnar og geta varla verið þangað komin úr orðaforða Verelíusar.

Fám árum síðar eru þeir komnir í hár saman Verelius og Schefferus út af Uppsalahofinu, rífast á latínu sem báðir hafa mikið vald á og verða svo illskeyttir að konungur segir þeim á endanum að þegja, en Jonas Rugman staulast áfram með þá litlu kunnáttu og fábrotnu menntun sem hann fær en trúir á yfirburði tungu sinnar og gefur meira að segja út safn einkvæðra orða til að sanna að hún standi næst frumtungu mannanna. Og maður finnur næstum líkamlega fyrir ánægjunni sem hann hefur haft af að vefja þá í reyk vanþekkingarinnar, latínugránana, og sanna þeim að því aðeins skildi maður *graftól* til hlítar að maður vissi hvað *tvítóla* væri.

Heimildaskrá

Aðalsteinn Hákonarson. 2016. „Aldur tvíhljóðunar í fornislensku.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 38:83–123.

Gothrici et Rolphi Westrogothiae regum Historia Lingua antiqua Gothica conscripta Útg. Olaus Verelius og Joh. Scefferus. Uppsaliae 1664.

Íf. = Íslenszk fornrit.

[Jonas Rugman]: *Jonas Rugmans samling av isländska talesätt*. (Skrifter utgivna av Kungl. Humanistiska Vetenskaps-samfundet i Uppsala 22, 8.). Útg. Gottfrid Kallstenius. Uppsala 1927.

[Jonas Rugman]: *Efterskörd till Jonas Rugmans samling av isländska talesätt*. (Skrifter utgivna av Kungl. Humanistiska Vetenskaps-samfundet i Uppsala 25, 2.). Útg. Gottfrid Kallstenius. Uppsala 1928.

¹ Í málsháttasafni Jonasar Rugman eru tvær myndir þessa spakmælis: „Hver er sínum tólum tamur“ og „Tólin gjöra manninn hagan“ (útg. G. Kallsteniusar 1927, bls. 25 og 34).

- Lárentíus saga biskups. *Biskupa sögur* III. (Íslenzk fornrit 17.) Guðrún Ása Grímsdóttir gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag 1998.
- Magnús Ólafsson. 1650. *Specimen Lexici Runici*. Útg. Ole Worm. Hafniae.
- Orðabók Sænsku Akademiunnar, <https://www.saob.se/>.
- Stefán Karlsson. 1981. „Stafsetning séra Odds á Reynivöllum.“ *Afmæliskveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, 248–284. Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.

Helga Hilmisdóttir

Bækur, talplötur og veraldarvefurinn: Þróun kennsluefnis í íslensku sem öðru máli

Íslenskukennsla fyrir útlendinga og í raun allt tungumálanám hefur tekið miklum stakkaskiptum undanfarna áratugi. Langt fram eftir tuttugustu öld sneri áhugi útlendinga á íslensku fyrst og fremst að forníslensku og tilgangurinn með kennslubókunum var oftast en ekki að kenna nemum að lesa íslenskar miðaldabókmenntir og veita þeim aðgang að fornri menningu Norðurlanda. Á þessu varð þó breyting 1945 þegar Stefán Einarsson gaf út kennslubókina *Icelandic: Grammar, Texts, Glossary*. En þó að höfundur segi í inngangi bókarinnar að tilgangur útgáfunnar sé fyrst og fremst að kenna lesendum að eiga samskipti við Íslendinga víkur hann ekki frá hefðbundnu formi klassískra kennslubóka í latínu og forngrísku. Í stað þess að byrja á einföldum samskiptum eins og kveðjum og flétta svo inn í það grundvallaratriðum íslenskrar málfræði hefst bókin á mjög ítarlegri og fræðilegri umfjöllun um framburð (32 bls.), beygingar (72 bls.) og setningafræði (76 bls.). Gert er ráð fyrir að nemendur séu mjög vel að sér í málfræði og þekki hljóðritunarkerfi IPA. Síðast en ekki síst þurfa nemendur að geta tileinkað sér beygingarmunstur og lagt á minnið í hvaða flokk hvert orð á að fara. Sem kennslubók er *Icelandic* þess vegna ekkert sérstaklega aðgengileg fyrir byrjendur, einkum þá sem eru í sjálfsnámi og njóta því ekki leiðsagnar kennara.

En þrátt fyrir þessa íhaldssemi er augljóst að Stefán gerir sér grein fyrir því að nemendur sem leggja stund á lifandi mál þurfi að læra að tala við annað fólk og skilja það samfélag sem málið er sprottið úr. Í kafla sem nefnist „Daglegt líf“ fjallar Stefán því um hluti eins og kveðjur, mannanöfn, íslenska peninga, íslenskan mat, búðarferðir, skóla, kirkjuferðir og sögu. Þessir kaflar eru skrifaðir á íslensku og lýsa dæmigerðum samskiptum Íslendinga við ákveðnar aðstæður sem eru svo settar á svið sem stutt samtöl. Á sínum tíma hafa textarnir sennilega þótt mjög róttækir því Stefán tekur fram í formála að sumum hreintungusinum gætu þótt þeir of hversdagslegir (Stefán Einarsson 1945:vii).

Textarnir um daglegt líf reyndust þó aðeins forsmekkurinn að því sem koma skyldi, því árið 1955 gaf Stefán Einarsson út *Linguaphone námskeið í íslensku*. Linguaphone-námskeiðin höfðu þá verið gefin út á yfir tuttugu tungumálum og voru samkvæmt Stefáni (1955:3) „notuð í nær öllum síðuðum löndum“. Áhugaverðasta nýjungin sem fólst í þessu nýja námskeiði var sú að vikið var frá þeirri hefð að byggja alla tungumálakennslu á málfræðilegum grunni enda eru einkunnarorð Linguaphone-aðferðarinnar „Listen, Understand, Talk“. Í stað þess að hefja fyrstu kennslustund á t.d. sterkri beygingu karlkyns nafnorða gekk námskeiðið út á að hlusta á samtöl venjulegra Íslendinga við hversdagslegar aðstæður. Engar enskar þýðingar voru notaðar í kennslubókinni og í stað þess gátu nemarnir stuðst við skýringarmyndir. Bókinni fylgdu fimmtán „talplötur“ og ein „Hljóðfræði-plata“. Í viðtali við tímaritið *Lögberg* í tilefni af útgáfu námskeiðsins 1955 segir Stefán frá því að hann telji námskeiðið afar gagnlegt ekki aðeins fyrir útendinga sem vilja læra málið heldur einnig „þá Íslendinga sem vilja kynna sér fyrirmyndar framburð.“ Til að framburður yrði skýr og góður var einvalalið fengið til að lesa inn á hljómplöturnar undir stjórn dr. Björns Guðfinnssonar prófessors: Gunnar Eyjólfsson leikari, Jón Júl. Þorsteinsson kennari, Karl Ísfeld rithöfundur, Ragnhildur Ásgeirsdóttir kennari og Regína Þórðardóttir, leikkona í Þjóðleikhúsinu.

Söguþráðurinn í Linguaphone-námskeiðinu er kunnuglegur. Erlendur maður kemur til landsins og hefur nám í íslensku. Kennarinn býður honum heim og kynnir fyrir fjölskyldunni. Síðan er dæmigerðu íslensku heimili lýst fyrir lesendum áður en sjónum er beint að íslensku samfélagi í víðara samhengi. Meðal annars er fjallað um hefðbundinn íslenskan mat, íslensku krónuna, samgöngur á sjó og landi, áhugamál landsmanna, Þjóðleikhúsið og verslanir (t.d. tóbaksbúð). Síðustu kaflarnir fjalla svo um atvinnuvegi, íslenska hestinn og íslenskar fornþakmenntir, nútímabókmenntir og þjóðsögur.

Í bókinni er dregin upp áhugaverð mynd af íslensku samfélagi eftirstriðsáranna. Við kynnumst höfuðborgarþéttum sem kannski gætu talist fulltrúar dæmigerðra menntamanna á Íslandi. Við kíkjum meira að segja í heimsókn til Stefáns Einarssonar sem býr í mjög snotru húsi í Hafnarfirði ásamt konu og tveimur börnum. Þegar húsbóndinn kemur heim á kvöldin tekur hann ofan hattinn, fer úr kápunni áður en hann „gengur inn í borðstofuna og heilsar konu sinni og börnum með kossi“ (Stefán Einarsson

1955:35). Í samtölunum þéar fólk hvert annað (nema innan fjölskyldunnar) og fyrir fólk nú á dögum virðast samtölin alveg einstaklega stíð þótt erfitt geti verið fyrir nútímamanninn að meta það hversu vel textarnir endurspeglar raunverulega málnotkun eftirstriðsáranna. Sem dæmi má nefna samtali sem kemur fyrir í sjöttu æfingu: „Hverjir eru komnir? Það eru komnir gestir að heimsækja okkur. Hvar komu þeir inn? Þeir komu inn í dagsstofuna. Hvaða gestir eru þetta? Það er systir yðar, bróðir yðar, konan hans og vinur þeirra“ (Stefán Einarsson 1955:20). Höfundur segir þó sjálfur að bók-in sé rituð á „liðugu, eðlilegu og þó ramm-íslenzku máli sem mundi talað af menntuðum mönnum við svipuð tækifæri“ (Stefán Einarsson 1955:3).

Linguaphone-aðferðin var bylting á sínum tíma því nemendur gátu setið heima hjá sér og lært nýtt tungumál á eigin hraða. Í auglýsingum Hljóðfærahússins, sem var með einkaumboð á Íslandi, er til dæmis talað um Linguaphone sem kennara „sem alltaf er viðlátinn“. Námskeiðið virðist einnig hafa verið kærkomið tækifæri fyrir Íslendinga vestanhafs. Margir þeirra kunnu eitthvað fyrir sér í íslensku en vildu kannski fá tækifæri til að hlusta meira á hana og æfa sig í einrúmi. Um bókina var sérstaklega fjallað í *Lögbergi*, tímariti Vesturíslendinga og þar segir meðal annars: „Linguaphone-námskeiðinu ætti að verða vel fagnað meðal íslendinga vestan hafs og útbreiðsla þess þyrfti að verða sem víðtækust; slíkt ætti að létta undir með þeim mönnum af íslenzkum stofni hér í landi, er eigi standa föstum fótum í jarðvegi vorrar tignu tungu, en þrá að finna lykilinn að auðlegð hennar og fegurð.“ („Íslenzkt Linguaphone-námskeið“ 1955:4).

En hvers vegna er ég að rifja upp þetta Linguaphone-námskeið á þessum merku tímamótum þegar Úlfar Bragason lýkur sinni löngu starfsævi? Jú, það er vegna þess að ég tel mikilvægt að minna okkur reglulega á þá byltingu sem orðið hefur í tungumálakennslu með tilkomu veraldarvefsins. Ein birtingarmynd þessarar byltingar er kennsluvefurinn *Icelandic Online* sem Úlfar hefur átt stóran þátt í að koma á fót ásamt Birnu Arnbjörnsdóttur og samstarfsmönnum hennar við Háskóla Íslands. Nú á dögum þurfa áhugamenn um íslensku ekki að pantast bók og sextán talplötur til að komast af stað í íslensku. Þeim nægir að fara inn á slóðina www.icelandiconline.com og skrá sig á námskeið eins og yfir 200.000 nemendur út um allan heim hafa gert frá árinu 2004. *Icelandic Online* gerir öllum kleift að læra íslensku á eigin hraða, hvar sem er í heiminum og án þess að þurfa að borga neitt fyrir það. Svona gott aðgengi að kennslufni í

íslensku fyrir útlendinga er afar mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag og framtíð íslenskrar tungu.

Eins og á Linguaphone-námskeiðinu snýst söguþráðurinn í *Icelandic Online* að miklu leyti um erlenda gesti sem koma til Íslands til að læra íslensku (en þeir þurfa ekki að þéra!). Og eins og í bók Stefáns byggist hugmyndafræði *Icelandic Online* að miklu leyti á því að nemandinn lesi texta, hlusti aftur og aftur á upptökur og tengi orð og texta við myndir. Ólíkt Linguaphone-námskeiði Stefáns hefur veraldarvefurinn þó þann kost að geta boðið upp á gagnvirkar æfingar til að þjálfra orðaforða og málfræðikunnáttu. Nemendur geta gert æfingarnar eins oft og þeir vilja og alltaf fengið svör um hæl. Þegar Úlfar lítur yfir farinn veg getur hann því verið stoltur af því að hafa átt drjúgan þátt í því að efla þann áhuga sem hefur verið á íslensku nútímamáli undanfarin ár.

Heimildaskrá

„Íslenskt língvafón-námskeið komið á markað.“ *Morgunblaðið* 1.7. 1955, bls. 2.

„Íslenskt Linguaphone-námskeið.“ 1955. *Lögberg* 14.7. 1955, bls. 4.

Stefán Einarsson. 1945. *Icelandic: Grammar, Texts, Glossary*. Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press.

Stefán Einarsson. 1955. *Linguaphone námskeið í íslensku*. London: Linguaphone Institute Limited.

Kirsten Wolf

De Aetatibus Hominum in Icelandic Translation

JS 405 8vo, which was written between 1780 and 1791 by the farmer Ólafur Jónsson í Arney (ca. 1722–1800)¹ is a treasure trove of interesting texts. It is known primarily because of its inclusion of a text of *Niðrstigningar saga*, which has significant stemmatic value as a direct copy of a medieval manuscript.² But the manuscript contains other remarkable texts as well. These comprise excerpts from Bernard of Clairvaux’s *Sermones in Cantica Canticatorum*, *Sermo XV*, in Icelandic translation; *Bernharðs leiðsla*; an exemplum entitled “Æfinntú⟨r⟩ umm eina stúlku er gaf sig dióflinúm”; an exemplum entitled “Einn fáheyrdur atburdr”; excerpts in Icelandic translation from the fourth and fifth books of Apuleius’s *Asinus aureus*; a tale entitled “Einn tilbú⟨r⟩dúr sem skede 1570”; a short treatise on the ages of humankind; an Icelandic translation of ninety-four short stories about relationships (i.e., between parents and children, masters and servants, chiefs and soldiers, employers and employees, people and wild or domestic animals) that include quotations from numerous Greek and Latin authors from Antiquity, the Middle Ages, and the Renaissance; and an Icelandic translation of Hans Hansen Skonning’s *Collegium philosophorum*.

The treatise on the ages of humankind, which is found on fol. 24v, is presented below. It is a translation of Isidore of Seville’s *De aetatibus hominum* extracted from the eleventh book of his *Etymologiae*.³ It is certainly not a text that will lift the spirits of anyone, who celebrates his or her seventieth birthday, but Úlfar’s amazing vivacity will most certainly prove Isidore wrong regarding the sixth age. I anticipate that this little contribution will be offset by more cheerful and humorous contributions in this volume.

In the following transcription, both the capitalization and the punctuation of the manuscript have been followed.

¹ Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*, 5 vols. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1952), vol. 4, p. 62.

² Dario Bullitta, ed., *Niðrstigningar saga: Sources, Transmission, and Theology of the Old Norse “Descent into Hell”* (Toronto: Toronto University Press, 2017), p. 31.

³ *Ibid.*, pp. 36–37.

úm aldr dóm mannsins

Svó er ritad ad Sex eru aldrar [*sic*] mannsins á Jarðríki. Hinn fyrste aldr mannsins heiter Jnfantia, af mannsins fædingu oc stendr yfir þar til madr er 12. vetra.

Annar Aldur manns heiter Pueritia oc Stendr yfer þar til madrin er 18. vetra gamall.

Hinn þridie aldr mannsins Adoloescentia takande þar af nafn ad þa er madrenn i mestum uppvexte oc þroska, oc stendr þar til madr er 25. vetra.

Hinn fiórde aldr mannsins, kallast Virilis ætas það er þá madrin er fullkomin ad aldre oc vexte oc allre skinseme, oc Stendr sa alldr yfer þar til madr er Fimtugúr.

Hinn fimte aldr mannsins heiter Senectus, það þidist Elle, biriar sá aldr af hinum fyrra sem aller adrer oc stendr yfer þar til madr er Siótúgr.

Hinn Siette heiter Senectus eda Decrepita ætas, enn það þidist orvasa aldra, enn sa aldr stendr yfer til daidans.

A hinum fyrsta aldre, Fædist hvór madr á kvenna miolk, oc þar næst af brióste vandr á þridia vetre.

A ódrum aldre er madr under gefin Tutori oc Pedagogo, það er vernd mans oc leidtoge.

A hinum þridia er madr under gefin öldúngis foreldrum

A hinum fiórda aldre, verdr hann annara verndare oc formadr.

A hinum fimta aldre skylde madr vera af leik, oc hafa sig til fúlkominar Sidseme.

A hinum Siótta aldre sníst mannsins líf i daidann sorg oc sút oc mǫrg hatúr fáande oc full leidanda, etc.

Ást á *Icelandic Online*

Væri ég spurð að því af hverju ég leiddist út í kennslu íslensku sem annars máls benti ég á afmælisbarnið. Úlfar fékk mig til liðs við sig við kennslu á alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku hjá Stofnun Sigurðar Nordals fyrir allmörgum árum og síðan varð ekki aftur snúið.

Allt frá því hafa leiðir okkar legið saman á einn eða annan hátt en með sameiginlegu afkvæmi, *Icelandic Online*,¹ sem Úlfar og Birna Arnbjörnsdóttir voru helstu hvatamenn að, voru bundin varanleg bönd.

Einhverjar efasemdaraddir gætu hafa verið uppi um nauðsyn þess að búa til vefnámsfni í íslensku á sínum tíma en á daginn kom að áhugasamir íslenskunemar leyndust víða og hafa námskeiðin nú verið um 200.000 manns til gagns og gleði hér og þar um heiminn.

Ekki gat Úlfar þó órað fyrir því, þótt framsýnn sé, að *Icelandic Online* yrði fyrir valinu í jólapakka elskenda en spurnir bárust af pari í útlöndum sem setti fjarnámskeið á *Icelandic Online* - plús í þakkana um síðustu jól. Sameinuð í ást sinni á íslensku ákváðu þau að taka loks skrefið alla leið og læra málið. En þegar nánar er að gáð liggja ástarþræðir víðar á *Icelandic Online* og hefur efnið, af frásögnum að dæma, náð fádæma tókum á sumum viðtakenda sinna.

Mun kona nokkur erlendis, sem kynnir sig sem ástríðufullan unnanda bókmennta, tónlistar og Íslands, hafa tekið slíku ástfóstri við byrjendanámskeiðið *Bjargir* að hún sá sig knúna til að halda úti bloggskrifum um innihaldið á meðan á náminu stóð. Söguþráður námskeiðsins hverfist um þau Ewu og Daniel sem eru nýflutt til Íslands og kynni þeirra. Í frásögn sinni, sem bloggritari kallar „*Icelandic Romance 101*“, lýsir hún því hvernig hún

¹ Sjá <https://icelandiconline.com>. Áhugasömum er bent á greinar um hugmyndafræði *Icelandic Online* og námshegðun nemenda, m.a. þessar: a) Birna Arnbjörnsdóttir (2004). „Teaching morphologically complex languages online: Theoretical questions and practical answers.“ Í: Peter Juel Henriksen (ritstj.), *CALL for the Nordic languages. Tools and methods for Computer Assisted Language Learning*, 79–94. Copenhagen studies in language 30. Copenhagen: Samfundslitteratur. b) Kolbrún Friðriksdóttir (2018). „The impact of different modalities on student retention and overall engagement patterns in open online courses.“ *Computer Assisted Language Learning*, 31(1–2), 53–71.

datt ofan á *Icelandic Online* og flæktist þar með óvænt inn í æsispennandi ástarsögu sem hélt henni fanginni upp frá því:

Last summer, I took another small step against prejudice and genre-ism by beginning to explore the romance genre. Results have been mixed. But now I have found my favorite romance so far, and in a most unexpected place.

I wasn't going to tell anyone that I've begun studying Icelandic. People who know me are sure to remember what happened when I tried to learn Spanish, or Japanese, or Chinese, and roll their eyes. I keep thinking that a writer should be good with languages, but at least in my case, it seems that any facility with words I possess is specific to the English language.

But after interviewing Snæbjörn of Skálmöld about Icelandic poetry, I just had to try to gain some direct access to this literary tradition. So I dug around online and found out that the University of Iceland has a free online course in Icelandic.

I've done my share of Rosetta Stone-type studies, and I have to say that so far I'm impressed. Not only does this one seem to be more immediately practical, but it's pulled me in with a romantic comedy.

(<https://gemmadeealexander.wordpress.com/2013/02/14/icelandic-romance-101>)

Eftir því sem íslenskunáminu vindur fram lýsir bloggritari vaxandi áhyggjum af afdrifum þeirra Ewu og Daniels og telur fullhægt ganga í samdrætti tvímenninganna, bíður þess að til tíðinda dragi. Hún sér ýmis jákvæð teikn á lofti en greinir þó einnig merki um alvarlegar hindranir – og spyr sig: „Where will the University of Iceland take this romance?“

Hún vonar það besta en býr sig undir það versta og telur aðeins eina leið færa til að komast að því hvernig allt fer:

One thing is certain, Icelandic educators have figured out how to capture and keep students' attention. I have to know – what happens with Daniel and Ewa? Will her Roman Catholic family in Poland accept a Palestinian son-in-law? Will they stay in Iceland together? I might have to learn Icelandic to find out.

Okay, I've got to go. I have some studying to do....

(<https://gemmadeealexander.wordpress.com/2013/02/14/icelandic-romance-101>)

Vegir ástarinnar eru vissulega órannsakanlegir en víst er að *Icelandic Online* hefur víða snert strengi og fylgjendur eru þakklátir fyrir framlagið. Ég þakka Úlfari farsælt samstarf alla tíð.

Tvær sænskar þýðingar á dróttkvæðri vísu

Eitt erfiðasta vandamál sem mætir þeim sem þýðir úr íslensku á önnur mál er án efa dróttkvæð vísa. Þar kemur auðvitað margt til. Sumar vísur eru tor-skildar eða jafnvel óskiljanlegar. Þar við bætast heiti og mismunandi flóknar kenningar og síðast en ekki síst hinn margslungni vefur stuðla, höfuðstafa og hendinga. Þessi formatriði eiga að jafnaði öngvar fyrirmyndir í því máli sem þýtt er á. Ef vísan er svo líka hluti af öðrum texta, svo sem í Íslendingasögum, hver er þá staða vísunnar gagnvart hinu óbundna máli? Á vísan að vera ort af „góðu“ eða „lélegu“ skáldi og styður innihald vísunnar og hið óbundna mál hvort annað eða brýtur vísan gegn hinum textanum?

Hér verður þýðandanum vandrataður vegur. Getur hann komið öllum einkennum og innihaldi vísunnar til skila, og ef ekki, hverju skal hann fórna? Þegar litið er á ýmsar þýðingar Íslendingasagna koma fram margar mismunandi lausnir. Hvað varðar heiti og kenningar hafa sumir valið að skapa nýjar kenningalausnir á móttökumálinu en rata oft í þær ógöngur að þurfa að útskýra hvað kenningin eiginlega á að þýða. Og það er talsverð vandræðalausn þýðanda að þurfa að útskýra sína eigin þýðingu. Aðrir leysa hins vegar upp kenningarnar og þýða innihald þeirra á einfaldara mál. Að því er varðar hið ytra form velja flestir þýðendur að reyna að halda dróttkvæðri byggingu með réttum línufjölda og stundum með einhvers konar stuðlasetningu, en fæstir reyna þó að koma hendingunum til skila.

Þessi örstutta kveðja til Úlfars leyfir ekki nánari könnun eða samanburð á mörgum þýðingum, en mig langar til þess að sýna hér dæmi um tvær sænskar lausnir á sömu vísunni úr Njáls sögu. Það er sjötta vísa, sem út af fyrir sig er hægt að túlka á fleiri en einn veg. Vísan er þannig:

Ryðfjónar gekk reynir
randa suðr á landi
beðs í bæna smiðju
Baldrs sigtólum halda.

Síðreynir lét síðan
snjallr morðhamar gjalla
hauðrs í hattar steðja
hjaldrs Vetrliða skaldi.

(*Íslendinga sögur og þættir* 1998, bls. 247)

Sá sænski þýðandi, sem hefur komist næst því að þræða hinar vandrötuðu götur forms og innihalds er Áke Ohlmarks. Hann hikar ekki við að nota kenningar, stuðlasetningar og hendingar í þýðingu sinni sem er þannig:

Sköldrandsprövaren sköljde
skinblank segerstång frankt i
rostgaldrarns bädds Balders
bönsmedja sydpå i vrede.

(Ohlmarks 1964, bls. 347)

Sedan slitarn av landssed
slemt sin mordhammar drämt, i
stridshattens stöd det breda
small den på Vetrlide, skalden.

Ég læt Úlfari og öðrum lesendum eftir að finna stuðla, höfuðstafi, hendingar, heiti og kenningar í sænskunni.

Við ritstjórar nýjasta þýðingasafns Íslendingasagnanna á sænsku (Gunnar D Hansson, Karl G. Johansson og ég) reyndum að stýra vísnaþýðingunum á sem einfaldast mál og form, sem sagt talsvert langt frá ofanritaðri lausn Ohlmarks. Við gerðum ekki kröfu til stuðlasetningar og reyndum að forðast flóknar kenningalausnir samkvæmt þeirri kröfu að þýðandi eigi ekki að þurfa að útskýra sína eigin þýðingu. Við lögðum áherslu á að innihaldið kæmist á sem auðveldastan hátt til móttakandans. En ekki voru þó allir þýðendur sammála þessari aðferð. Ég minnst þess að einn þeirra sagði eitthvað á þá leið að þar sem þessar vísur hafi sennilega verið illskiljanlegar Íslendingum til forna væri alveg kórrétt að þær væru illskiljanlegar Svíum í dag! Þetta sjónarmið á kannski rétt á sér en rúmaðist ekki innan þess ramma sem ritstjórnin hafði sett, sem sagt að koma þessum bókmenntum á framfæri á vandaðri, vel skiljanlegri sænsku.

Sem dæmi um lausn sem var meira í anda ritstjórnarinnar sýni ég hér þýðingu Lars Lönnroths á þessari sömu vísu. Málið er skýrt, kenningar einfaldar, hrynjandin hnökralaus.

Ordens krigare sökte
hejda söder i landet
vapnen som Þangbrand smidat
inne i börens smedja.

(*Islänningasagorna* 2014, bls. 129)

Gudstrons krigare sedan
lät sin hammare krossa
skaldens hedniska redskap:
skallen på Veturliði.

Það var vani okkar ritstjóranna þegar ýmis vandamál komu upp að kasta fram spurningunni „Skilur menntaskólanemi í Gautaborg þetta í dag?“ Ég læt Úlfari eftir að svara því hvor þessara þýðinga fangi betur hug og hjarta menntaskólanemans okkar. Gjörðu svo vel!

Heimildaskrá

Islänningasagorna. Samtliga släktsagor och fyrtionio tåtar. Band III. Saga forlag. Reykjavík 2014.

Íslendinga sögur og þættir. Fyrsta bindi. Þriðja útgáfa. Mál og menning. Reykjavík 1998.

Ohlmarks, Åke. *De isländska sagorna.* Femte bandet. Steinsviks bokförlag AB. Stockholm 1964.

Áhrif annarra erlendra mála á tileinkun þýskumælandi nemenda á íslensku

Málakennarar kynast því flestir af eigin raun að önnur mál geta haft nokkur áhrif á tileinkun nemenda þeirra á markmálinu sem þeir kenna. Í þessu greinarkorni beini ég athyglinni að þeim áhrifum sem annað mál (L2) – ekki móðurmál nemendanna (L1) – kann að hafa á tileinkun þriðja máls (L3), í þessu tilviki íslensku. Annars vegar getur verið um það að ræða að kunnátta í tilteknu öðru máli (L2) létti nemendum róðurinn við íslenskunámið og hins vegar að hún geri þeim að einhverju leyti erfiðara fyrir, sé t.d. rötin að frávikum frá reglum markmálsins sem greina má í textum þeirra og tali.¹ Eitt dæmi um þetta tek ég hér í upphafi til skýringar: Þegar ég leiðrétti skrifleg verkefni hjá einum þýskum nemanda mínum vakti það forvitni mína að þar sem álykta mátti af samhengi að ætti að standa og í textunum stóð hvað eftir annað og í fleiri en einu verkefni *i*. Ekki var augljóst hvernig mætti skýra þetta frávik. Ég hafði haft veður af að umræddur nemandi lærði pólsku. Ég kann ekki orð í pólsku en fljótlegt er að fletta því upp í hjálpargögnum að og á pólsku er einmitt *i*. Hér hafði hið pólska *i* laumast inn í íslenskan texta. Nemendur í íslensku við Norðurlandafræðastofnanir á þýska málsvæðinu leggja jafnan samhliða stund á nám í dönsku, norsku eða sænsku. Sumir hafa jafnvel dvalið um tíma á Norðurlöndum. Hér er spurt: Móta þessar aðstæður að einhverju leyti íslensku þessara nemenda og eru þær í einhverjum mæli orsök villna?

Ég byggi athugun þessa á ritunarverkefnum sem nemendur mínir við Kielarháskóla hafa gert í námskeiðum á þriðja og fjórða misseri íslenskunáms. Sumir þeirra höfðu íslensku sem aðalmál í Norðurlandafræðanámi sínu en lærðu jafnframt eitt eða fleiri norræn meginlandsmál (þeir hófu þá oftast seinna nám í þeim en íslensku), margir höfðu íslensku sem annað

¹ Villur þýskumælandi íslenskunema var einnig viðfangsefni í greininni: Magnús Hauksson: „Hvaða villur gera þýskumælandi íslenskunemar? Framlag til máljafnaðar íslensku og þýsku“, í: Lena Rohrbach und Sebastian Kürschner (ritstj.): *Deutsch-isländische Beziehungen. Festschrift für Hubert Seelow zum 70. Geburtstag* (Berliner Beiträge zur Skandinavistik 24), Berlin 2018, 313–321. Þar er nokkur grein gerð fyrir efniviðnum og verklagi mínu við athugun á villum þýskumælandi nemenda. Einnig eru þar gagnlegar heimildir nefndar um villur, villugreiningu og máljafnað sem einnig liggja þessari grein til grundvallar.

Norðurlandamálið en lögðu fyrir og meiri stund á fyrsta Norðurlandamálið sitt. Allir höfðu einhver kynni af öðrum erlendum málum en Norðurlandamálunum – allir ensku, þó nokkrir frönsku, spænsku, latínu eða öðrum málum sem kennd eru í menntaskólum – og voru jafnvel við nám í þeim samhliða Norðurlandafræðunum.²

Tilgátur, kenningar og líkön annarsmálsfræðanna, sem sett hafa verið fram um meint áhrif L2 (fyrsta annars eða erlends máls) á tileinkun L3 (annars, þriðja, fjórða, x-ta erlenda máls sem máltileinkandi lærir), gera ráð fyrir að þessi áhrif verki á ólíka þætti og í mismiklum mæli. Samkvæmt Brittu Hufeisen³ gera sum líkönin ráð fyrir að litlu máli skipti hvort málið, sem áhrifin stafa frá, sé annað erlenda málið eða t.d. það fimmta í röð þeirra sem numin voru – fyrri mál hafi áhrif á tileinkun nýs máls (L3), og þá ekki endilega mest erlenda málið sem fyrst var lært, heldur frekar það mál sem færniin var mest í eða var hvað snerti málgerð eða orðsifjar líkast markmálinu. Líklegra sé t.d. að fyrir Englending sé kunnátta í þýsku hjálplegri við sænsku-nám en kunnátta hans í ítölsku og frönsku. Þegar hér er talað um L2 og L3 er samkvæmt sumum líkönunum ekki litið til þess hvort einungis tvö erlend mál hafa verið numin eða í hvaða röð tileinkun í þremur erlendum málum eða fleiri fór fram heldur hvaða hlutverk þau leika við máltileinkunina. Jafnvel megi gera ráð fyrir að þau mál sem nemandi ræður yfir færni í hafi mismikil áhrif á þjálfun og þróun færni á ólíkum sviðum nýja málsins, eitt mál hafi t.d. meiri áhrif en önnur við tileinkun orðaforðans, annað við tileinkun munnlegrar tjáningar, o.s.frv.

Fyrri reynsla af að læra mál getur á margvíslegan hátt haft jákvæð áhrif á frekara málanám. Britta Hufeisen nefnir t.d. til sögunnar að meðvitund máltileinkandans um málkerfi almennt (málvísindaleg þekking og „meta-

² Nemendur mínir gáfu góðfúslegt leyfi til að villurnar væru notaðar sem dæmi í skrifum mínum. Hjartans þakkir fyrir lánið á villunum! Jóni Gíslasyni og Irene R. Kupferschmied þakka ég yfirlestur og athugasemdir.

³ Britta Hufeisen dregur saman í knöppu formi forsendur og ályktanir mismunandi líkana annarsmálsfræða um þýðingu L2 fyrir tileinkun L3 í grein sinni Hufeisen, Britta: „L1, L2, L3, L4, Lx – alle gleich? Linguistische, lernerinterne und lernerexterne Faktoren in Modellen zum multiplen Spracherwerb“, í: Baumgarten, Nicole / Böttger, Claudia / Motz, Markus / Probst, Julia (ritstj.), *Übersetzen, Interkulturelle Kommunikation, Spracherwerb und Sprachvermittlung – das Leben mit mehreren Sprachen. Festschrift für Juliane House zum 60. Geburtstag. Zeitschrift für Interkulturellen Fremdsprachenunterricht* [Online], 8(2/3), 97–109. Vefslóð: <http://www.ualberta.ca/~german/ejournal/Hufeisen.pdf>. (Síðast sótt 12.2. 2019). Hún tekur til umræðu þau líkön, „Erklärungsversuche“, sem hún segir „aufgrund von ersten empirischen Datenerhebungen den Hypothesenstatus überwunden haben, für deren Verifizierung bzw. Falsifizierung jedoch noch weitere empirische Nachweise und theoretische Herleitungen ausstehen“ (98).

linguistisches Bewusstsein“) aukist og eins geri hann sér betri grein fyrir hvers konar námsmaður hann er og hvaða námstæknilegar leiðir virki best eftir því sem hann nemur fleiri mál. Allir þættirnir leiði til skilvirkari til-einkunar. Ekki er hægt að benda á dæmi í Kielarefniviðnum því til staðfestingar að latínukunnátta eða kunnátta í öðru máli með tiltölulega flókið málfræðikerfi (t.d. grísku) komi að gagni við íslenskunám en af reynslu minni af að kenna nemendum með slíkan bakgrunn álykta ég að hann geri nemendur mun meðvitaðri en ella um málfræðilega þætti – enda grípa þeir gjarna til samanburðar. Það er alltaf skýr vottur um meðvitaða kunnáttu á máli, en hún birtist ekki alltaf í öruggari færni í beitingu nýja málsins.

Einn ávinning hafa nemendur tvímælalaust af því að hafa lært norrænu meginlandsmálin lítið eitt þegar íslenskunám hefst. Orðaforði þessara mála og íslensku er líkari en þýsku og íslensku. Nokkur kunnátta í sænsku, norsku og dönsku gefur því dálítið forskot á þá sem engin kynni hafa haft af Norðurlandamálunum.⁴ Mikið af algengum orðum kannast nemendur við. En þessi skyldleiki og líkindi geta einnig verið varasöm því t.d. hafa sum orð ekki nákvæmlega sama merkingar- eða notkunarvið í málunum eins og sést af dæmi hér aftar.

Hér að framan hefur frekar verið lögð áhersla á ávinninginn sem kunnátta og færni í erlendum málum – í norrænu meginlandsmálunum sérstaklega – hefur fyrir íslenskunámið en annmarkana sem hún kann að hafa í för með sér. Því er þó ekki að leyna að þekking og færni í sænsku, dönsku og norsku mótar að nokkru marki íslenskt millimál þessara nemenda og er stundum orsök frávika frá reglum íslenskunnar. Það er áhugavert og skemmtilegt að taka við nýjum hópum í íslensku og kynnast smátt og smátt bakgrunni nemendanna í fyrstu tímunum. Margir koma fljótt upp um fyrri kynni sín af Norðurlandamálunum. Framburður íslenskunnar litast nefnilega oft mjög greinilega af því máli sem þeir hafa lagt stund á. Fyrir mín eyru er einfaldast að greina það þegar nemandi hefur þegar lært eitthvað í norsku eða sænsku. Áhrifin birtast í áherslum og tónfalli sem augljóslega eiga rætur að rekja til norsku- og/eða sænskunámsins. Áhrif frá dönskum framburði eru aftur á

⁴ Þetta er reyndar atriði sem vert er að taka einnig mið af við forníslenskukennsluna. Nemendur njóta góðs af því í glímunni við hana að hafa tileinkað sér norrænu nútíðarmálin. Auðvitað er ávinningurinn mestur ef íslenskt nútíðarmál hefur verið numið um skeið en margt í grunnorðforða hinna málanna léttir einnig leikinn. Þessi rök skýra að forníslenskukennslan, sem enn er skyldufag við langflestar Norðurlandafræðastofnanirnar á þýska málsvæðinu, er frekar kennd á öðru misseri námsins en því fyrsta.

móti ekki eins greinileg. Það reynist oft býsna harður leikur að milda þessi framburðaráhrif. Fyrir utan nefnd áhrif á áherslur og tónfall má í máli sumra einnig greina yfirfærslu framburðar einstakra hljóða úr norrænu meginlandsmálunum á íslensku. Þau frávik frá íslenskum framburði er oftast fljótlega að leiðrétta með árangri.

En frávikin birtast á fleiri sviðum málsins en í framburði. Hér eru fáein dæmi um villur varðandi orðaval, beygingar, orðskipun og stafsetningu sem virðist mega rekja til þess að viðkomandi nemandi sé undir áhrifum einhvers norræna meginlandsmálsins.

... að hann *ekki* hefur *tíð* til að gera eitthvað annað en að lesa ...

En þessi jól *skulum* konan mín og ég *að borða* rauðkál og „Kassler“.

bréf [...] sem stelpa *skréf* árið 1918

allir sem *skrev* til forsetans koma

Hún brosir *till* lundsins

Men ferðapjónustan held áfram að vaxa.

Á fyrsta myndina sér *man* kennari

„Mætti ég koma að skoða hjólið“. – „*Selvsagt*. Kannski á morgun?“

Þar eru líka jólamarkaðir í Þýskalandi.

Fyrsta dæmið sýnir áhrif frá aukasetningarorðaröð í Norðurlandamálunum þar sem atviksorð fær stöðu í öðru sæti milli frumlags og sagnar og ekki á eftir sögn eins og eðlilegt er í íslensku. Setningafræðileg áhrif birtast einnig í næstsíðustu setningunni þar sem *þar* er notað á svipaðan hátt og *der* í dönsku og norsku. Á þýsku stæði orðið *es* á umræddum stað og ólíklegt að um sé að ræða áhrif frá því þar sem þau birtust einmitt frekar í að notað væri orðið *það*. Athyglisvert er að smáorð (samtengingar, forsetningar, atviksorð og stundum fornöfn) bera ekki síður – jafnvel oft – en nafnorð og sagnir merki um áhrif frá norrænu meginlandsmálunum (*men, och, till, selvsagt, man*). Nemendur grípa til þeirra orða, orðmynda og stafsetningar sem þeim er kunn þáðan. Þó má sjá að í fyrstu setningunni kemur fram óöryggi varðandi merkingarsvið nafnorðanna *tími* og *tíð* og það skapast vegna þess að merking orðsins *tíð* í Norðurlandamálunum er yfirfærð á íslensku. Hér gæti einnig skipt máli að í þýsku er orðið *Zeit* skyldara og líkara *tíð* en *tíma*. Svipað dæmi er að þótt nemandur séu varaðir við að nota háttarsögnina *skulu* eins og í Norðurlandamálunum (t.d. *jeg skal til Island i april*), hættir þeim talsvert til þess og gleyma þeirri ágætu sögn *ætla* sem á

betur við.⁵ Í þriðja og fjórða dæminu felst yfirfærslan í beygingu: Sögnin *skrifa* er meðhöndluð sem sterk sögn eins og hún er í Norðurlandamálunum og þýsku.

Ekki eru margar villur af þessu tagi samanlagt í efniviðnum, en eru meira áberandi hjá sumum nemendum en öðrum og að sjálfsögðu – þarf varla að taka það fram – eingöngu hjá nemendum sem lært hafa eitthvert Norðurlandamálanna. Nemendur nefna oft að þetta atriði geti truflað þá þegar þeir skrifa eða tala íslensku og þeir eru margir hverjir sér þess vel meðvitandi að þeir grípa til norræna meginlandsmálsins síns til að komast að líklegri niðurstöðu um tiltekið atriði í íslenskunni.

Það er mikilvægt að taka tillit til þess við íslenskukennslu að nemendur (a.m.k. háskólanemar) hafa nánast undantekningalaust reynslu af að læra erlend tungumál og kunna eitt og oft mun fleiri mál þegar íslenskunám hefst. Íslenskan er því miklu frekar í stöðu L3 en L2. Þetta hefur og ætti að hafa afleiðingar fyrir kennsluefni og kennsluhætti. Sjálfsagt er að nýta sér þann ávinning sem má hafa af kunnáttu og færni í öðrum erlendum málum við íslenskunámið/-kennsluna.⁶ Sérstakar aðstæður myndast við íslenskunám á Norðurlandafræðastofnunum erlendis þar sem nemendurnir leggja tíðum stund á eitthvert norrænu meginlandsmálanna samhliða henni – mál sem eru náskyld íslenskunni en málgerðarlega þó að ýmsu leyti ólík henni. Íslenskukennarar ættu að vera meðvitaðir um að þessar aðstæður hjálpa bæði nemendum og geta verið orsök frávika frá reglum íslenskunnar í textum þeirra og tali.

⁵ Tileinkun merkingar, hlutverks og beyginga háttar- og hjálparsagna í íslensku vefst nokkuð fyrir þýskumælandi nemendum og er allumfangsmikið efnissvið þegar frávik frá reglum íslenskunnar eru greind í íslensku millimáli þeirra. Þar virðast áhrif móðurmálsins og erlendra mála, m.a. Norðurlandamálanna, verka saman eða á víxl.

⁶ Hér vil ég benda á stutta greinargerð fyrir þeirri viðleitni sem mótar kennsluna í dönsku og norrænum málvísindum við námsleiðina í Norðurlandafræðum við Christian-Albrechts-háskólann í Kiel til að nýta þær forsendur sem nemendur hafa með í fartaskinu til máljafnaðar dönsku annars vegar og þýsku (norðurþýsku sérstaklega), lágþýsku og jafnvel frísnesku hins vegar við dönskunámið: Bethke-Prange, Katja: „*Yes vi kan!* Strategier for tyske danskstuderende“, í: Torbjørg Breivik (ritstj.): *Sprog i Norden 2016*, 9–18. Vefslóð: <https://tidsskrift.dk/sin/article/view/24937/21853>. (Síðast sótt 12.2. 2019).

Sigríður Þorvaldsdóttir

Glögg er gests augað: Útlendingar og íslenska

Hinn 28. október síðastliðinn spjallaði dagskrárgerðarmaðurinn Gísli Marteinn Baldursson við John Grant, tónlistarmann, í skemmtiþættinum *Vikan með Gísla Marteini* á RÚV. Tilefnið var útgáfa nýrrar plötu og tónleikaferð Johns en meginhluti viðtalsins snerist um íslensku og íslenskunám hans. Í spjalli þeirra Gísla Marteins kom margt athyglisvert fram. John Grant tjáði sig um glímuna við íslenskuna og ekki síst viðhorf sitt til hennar á eftirminnilegan hátt og verða ummæli hans og viðbrögð spyrilsins reifuð og rædd hér á eftir. Viðtalið var svona (Gísli Marteinn Baldursson og John Grant, 2018):

Gísli Marteinn: Til mín er kominn góður gestur sem við höfum beðið lengi eftir.

John Grant, vertu velkominn.

John: Takk fyrir. Góða kvöldið, gott að sjá þig aftur.

Gísli Marteinn: Sömuleiðis og íslenskan þín hefur ekkert versnað, hún hefur batnað!

John: Já, það er gott að heyra það. Já, ég er að vinna í þessu.

Gísli Marteinn: Já, ertu alltaf að æfa þig og læra?

John: Já, á hverjum degi, að fallbeygja á hverjum degi, eins og vera ber.

Gísli Marteinn: Já.

John: Já, og tala meiri íslensku við fólkið og ...

Gísli Marteinn: Já.

John: Já og reyna að tala meira bara og æfa mig í íslenskunni. Og mér finnst það ennþá mjög erfitt. Að bera fram og já, einmitt að fallbeygja og ... Þetta er hræðilegt!

Gísli Marteinn: Hahaha.

John: En gaman fyrir mig. Mér finnst það bara mjög gaman.

Gísli Marteinn: Já, og þetta er, er þetta ekki eitthvað, þú ert með einhvern svona smá stærðfræðiheila. Þú átt frekar auðvelt með að læra tungumál, er það ekki?

John: Já, ég hélt það, þangað til ég byrjaði að læra íslensku. Hahaha.

Gísli Marteinn: Hahaha.

John: Hahaha og núna, ég er að berjast með þetta, þessu, svona, þetta er bara svakalegt. Hahaha.

Gísli Marteinn: Jæja, hahaha, þetta er ótrúlega vel gert!

John: Takk fyrir, en mér finnst þetta svo ótrúlega fallett tungumál.

Gísli Marteinn: Já!

John: Já. Þetta hljómar svo fallett – svo fallega.

Gísli Marteinn: Þetta er fallett þegar þú talar þetta!
John: Ég þarf að nota atviksorð þarna, er það ekki?
Gísli Marteinn: Jú, hahaha.
John: Það hljómar fallega, er það ekki?
Gísli Marteinn: Jú, hljómar mjög fallega, jafnvel.
John: Já. Er þetta atviksúlfur í lýsingarorðsgæru? Hahaha.
Gísli Marteinn: Ætli það ekki? Mjög vel gert! Nú ert þú meira að segja kominn dýpra í þetta en ég kann!
John: Það ríður ekki við einteyming.
Gísli Marteinn: Það ríður ekki við einteyming, það er rétt!
John: Hahaha.
Gísli Marteinn: Og hæfileikar þínir ríða ekki við einteyming vegna þess að við erum ekki bara að fara að tala um íslensku hér í þessu spjalli heldur plötuna þína [...]

Í viðtalinu lýsir John íslenskunáminu og þar birtast líka viðhorf hans til íslenskunnar. Í mínum augum er John fyrirmyndarmálmenni og lýsingar hans og afstaða til viðfangsefnisins að mörgu leyti dæmigerð fyrir viðhorf nemandanna sem flykkjast til okkar í hundraðatali á hverju hausti. Þeir nemandur sem til okkar koma eru langflestir tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu til að læra íslensku og kynnst menningu og siðum landsins. John segir að hann sé að „vinna í þessu“ og „berjast“ við að læra málið. Hann bætir við að hann æfi sig daglega og reyni „að fallbeygja á hverjum degi, eins og vera ber“, eins og hann orðar það. Enginn lærir nýtt tungumál á fullorðinsaldri fyrirhafnarlaust. Það er mikil vinna og erfitt, jafnvel hræðilegt eins og John segir. Það er alltaf erfitt að flytja í nýtt land á fullorðinsárum og læra nýtt tungumál. Einföldustu hlutir daglegs lífs, sem aldrei hafa vafist fyrir okkur á móðurmálinu, verða allt í einu flóknir og nánast óyfirstíganlegir á nýja tungumálinu, að minnsta kosti í byrjun. Sálfræðingar og geðlæknar hafa gengið svo langt að tala um nýja sjálfsmyndarsköpun eða einstaklingsmótun (e. *individuation*) í þessu samhengi — þegar þú lærir nýtt tungumál á fullorðinsárum skapar þú nýja sjálfsmynd í nýja tungumálinu (sjá t.d. Akhtar, 1995). Móðurmálið er mikilvægur hluti af sjálfsmynd okkar — þú ert það sem þú segir. Þegar þú þarft að birta sjálfan þig á nýju tungumáli kallar það á nýja eða breytta sjálfsmynd. Það er stundum svolítið hræðilegt og örugglega erfitt.

En tungumálanámið er ekki bara mikil og erfið vinna. Það er líka mjög skemmtilegt, segir John. Þetta jákvæða viðhorf til vinnunnar við að læra nýtt tungumál er afskaplega mikilvægt og gerir það eflaust að verkum að hann

gefst ekki upp gagnvart óreiðunni — ílaginu — sem dynur látlaust á honum. Það er mikilvægur eiginleiki í tungumálanámi að hafa ákveðið óreiðuþol og seiglu, að geta sætt sig við að skilja ekki allt og geta ekki tjáð sig eðlilega og fyrirhafnarlaust eða verið fullkomlega maður sjálfur í nýja tungumálinu.

Í viðtalinu kemur fram ást og einlæg aðdáun Johns á tungumálinu, íslenskunni. Honum finnst íslenska ótrúlega fallegt tungumál og nefnir sérstaklega að hún hljómi svo fallega. Viðbrögð Gísla Marteins, spyrilsins, við þessum ummælum Johns eru athyglisverð. Hann verður steinhissa! „Já!“, segir hann og undrunin í röddinni leynir sér ekki. Það virðist sem hann hafi aldrei leitt hugann að því að íslenskan, móðurmál hans, væri fallegt og hljómfagurt mál. Undanfarið hefur mikið verið rætt um stöðu íslensku, ásókn enskunnar og hugsanlegan stafrænan dauða íslensku. Það er mikilvægt að hægt verði að nota íslensku við allar aðstæður og tölvu- og snjalltækjasviðið er þar sannarlega ekki undanskilið. En við munum varla eiga í hrókasamræðum við ísskápana okkar, ljósaperurnar eða önnur tölvustýrð tæki. Ef Íslendingar gætu tamið sér sams konar viðhorf til móðurmálsins og birtast í máli Johns þegar hann tjáir sig um íslenskuna þyrftum við engu að kvíða um framtíð tungunnar. Kannski þurfum við einmitt menn eins og John Grant og alla hina útlendingana sem hafa lagt það á sig að læra íslensku til að benda okkur á þetta og kenna okkur að elska og virða tungumálið okkar. Útlendingar sem læra íslensku sjá oft aðrar og óvæntar hliðar á málinu sem við, sem eigum það að móðurmáli, komum ekki alltaf auga á. Um daginn sagði einn nemandi minn að uppáhaldsorðið hennar í íslensku væri orðið *svitalyktareyðir*. Henni fannst það svo skemmtilegt orð. Ég hafði sjálf aldrei leitt hugann að því að orðið *svitalyktareyðir* væri fyndið og skemmtilegt orð, en það er það! Það er svo blátt áfram; engin tilraun er gerð til að fegra, upphefja eða jafnvel fela það sem merking þess snýst um, þ.e. þetta er „(ilm)efni sem er borið eða úðað undir handarkrika til að eyða svitalykt“ eins og segir í *Íslenskri orðabók* (2002, bls. 1538). Enska orðið er *deodorant* og óneitanlega er svolítið annað uppi á teningnum þar; það er enginn sviti í enska svitalyktareyðinum! John hefur greinilega ánægju af því að leika sér með tungumálið og setja orð og orðtök í nýjan og óvæntan búning; atviksúlfulur í lýsingarorðsgæru! Og Gísla Marteini er nánast öllum lokið þegar hér er komið sögu: „Nú ert þú meira að segja kominn dýpra í þetta en ég kann“ eins og hann segir. Hér birtist líka á skemmtilegan hátt

munurinn á ómeðvitaðri málkunnáttu Gísla Marteins og meðvitaðri þekkingu Johns: „Ég þarf að nota atviksorð þarna, er það ekki?“

Í viðtalinu spyr Gísli Marteinn hvort John hafi ekki „stærðfræðiheila“ og eigi þar með auðvelt með að læra tungumál. Þessi meintu tengsl stærðfræðigáfu og hæfileika til að læra tungumál heyrast oft nefnd sem og tengsl tónlistargáfu og tungumálhæfileika. Aldrei hafa þessi tengsl verið sönnuð vísindalega mér vitanlega en hugsanlega er hér verið að vísa til þess að til að læra tungumál sé gagnlegt að nýta rökhugsun stærðfræðinnar og innsæi tónlistarhæfileikanna. Svar Johns við spurningu Gísla um stærðfræðina og tungumálhæfileikana leiðir svo hugann að annarri mýtu sem oft heyrast, þ.e. að íslenska sé svo erfitt tungumál. John segir að hann hafi átt auðvelt með að læra tungumál þangað til hann byrjaði að læra íslensku. Mig grunar reyndar að hér bregði hann fyrir sig þekktu mælskubragði, þ.e. uppgerðarlíttæti eða hógværð. Það hefði nú hljómað svolítið yfirlætislega að svara spurningunni einfaldlega játandi. En þessi mýta er lífseig og örugglega komin frá Íslendingum sjálfum sem hafa, að því er mér hefur oft fundist, svolítið einkennilegt viðhorf til móðurmálsins sem meðal annars kemur fram í því að þeir segja gjarnan að það sé svo erfitt. Ætli aðrir hafi slíkt viðhorf til móðurmáls síns? Finnst Frökkum franska erfið eða Ítölum ítalska? Það væri fróðlegt að fá svör við því og grafast nánar fyrir um það sem liggur að baki neikvæðu viðhorfi Íslendinga til móðurmálsins.

Útlendingar sem læra íslensku eru ástríðufullir aðdáendur tungumálsins. Eftir áratuga starf við kennslu íslensku sem annars máls við Háskóla Íslands og á fjölda sumarnámskeiða sem afmælisbarnið, Úlfar Bragason, hefur haft veg og vanda af, hef ég margoft orðið vör við það. Af þessum íslenskuaðdáendum getum við margt lært. Þeir geta hjálpað okkur að sjá og skynja fegurð tungumálsins og uppgötva blæbrigði og endalaus möguleika þess. Nýtum okkur það, höldum ótrauð áfram að kenna útlendingum íslensku og þá er henni (betur) borgið!

Heimildaskrá

- Akhtar, Salman. (1995). „A Third Individuation: Immigration, Identity, and the Psychoanalytic Process.“ *Journal of the American Psychoanalytic Association*, 43, 1051–84.
- Gísli Marteinn Baldursson og John Grant. (2018). *Vikan með Gísla Marteini*. Ríkisútvarpið, Sjónvarp. 28. október. Stjórnandi Gísli Marteinn Baldursson.
- Íslensk orðabók*. (2002). Mörður Árnason (ritstjóri). Reykjavík: Edda.

Veturliði Óskarsson

Fullt hús sláturs

Í Guðbrandsbiblíu má lesa eftirfarandi í Orðskviðum Salómons 17,1:

BEtre er einn þurr Bite / þar Madur lætur fier med nægia / Helldur enn fullt Hws flaturs med hatre.¹

Þetta er bein þýðing á texta Lúthers (*Biblia: das ist: Die gantze Heilige Schrift*, 1545):

ES ift ein trocken biffen / dar an man sich genügen lefft / beffer / Denn ein Haus vol Gefchlachts mit hadder.

Lúther hefur þetta úr Vúlgötu: „Melior est bucella sicca cum gaudio, quam domus plena victimis cum iurgio“.² Merking þý. *Geschlacht* hk. liggur þó nær merkingu lat. *victima* kv. sem Jón Árnason þýddi í *Kleyfsa* sínum sem „Sigurvinningarfor, Þacklætessoffur, [...] Slatrunar offur“ (1994 [1738]: 396).³ En vissulega er skemmtilegra að hugsa sér fullt hús sláturs en fullt hús fórnardýra. Meira um það síðar. Strax í næstu útgáfu biblíunnar, Þorlákssbiblíu 1644, hefur eitt orð breyst hér:

Betre er einn þurr Bite / þar Madr lætur fier med nægia, helldur enn fullt Hws flaturs med þrætu.

Þarna er *hatur* orðið að *þrætu* og er réttara þannig, sbr. skýringu í *Wörterbuch zur Lutherbibel von 1545* á orðinu *hadder* í texta Lúthers: „Streit, Zwist, meist über lange Zeit erbittert ausgetragen“ og við orðið *jurgium* í *Kleyfsa*: „Kyf, Þræta, Deila“ (Jón Árnason 1994 [1738]:125).

¹ Netslóðir á íslenskar biblíuútgáfur er að finna í heimildaskrá þessarar greinar.

² Sjá Hallik (2007:536, atriði nr. 44) þar sem latneski textinn er þýddur á þýsku: „Besser ist ein trockener Bissen mit Freude als ein Haus voll mit Schlachtopfern und dazu Zank“.

³ Sbr. *Thesaurus Proverbiorum Medii Aevi* 2:2–3.

Á eftir Þorláksbiblíu kom Steinsbiblía, 1728–1734. Þetta var nýþýðing, byggð á dönsku biblíunni frá 1647 (Guðrún Kvaran 1994:130).⁴ Hér er textinn á þessa leið:

Betre er eirn þurr munnbite / nær kyrd er hia / enn eitt hus fullt að flatrudu (fie) med þrætu.

Hér hefir *biti* breyst í *munnbita*, sem skiptir svo sem engu máli, og e.t.v. er farið eftir Þorláksbiblíu með orðið *þrætu*, en áhugavert er að *slátur* er hér orðið að *slátruðu* (*fé*), sem reyndar er nær frumtexta. Orðið „fie“ er innan sviga. Ég hef ekki átt þess kost að skoða orðskviðinn í dönsku biblíunni 1647 en skýringu gæti verið þar að finna.

Á eftir Steinsbiblíu komu Vajsenhússbiblía 1747 og Hendersonsbiblía 1813 sem prentuð var að mestu eftir þeirri fyrri. Vajsenhússbiblía er Þorláksbiblía 1644 að mestu endurprentuð, og það stenst að texti 17. orðskviðar er sá hinn sami í öllum þremur.

Viðeyjarbiblía kom út 1841 og var nýþýðing, en ekki er þó ljóst eftir hvaða erlendri biblíu var þýtt (Guðrún Kvaran o.fl. 2016:114). Í henni sem og í biblíunni frá 1866, Lundúnabiblíu, var seinni hluti orðskviðarins hafður á annan veg en í eldri gerðum:

Betri er þurr munnbiti með ró, heldur en fullt hús af vistum með argi.

Þarna er húsið fullt af *vistum*, ekki af *slátri*, og *þrætan* er orðin að *argi*. Ekki er hægt að segja að *vistir* sé ljósara en *slátur* eða *slátrað fé*, nema síður sé, en ekki er gott að vita á hverju hið nýja orðalag byggist. Hið sama má segja um *argið*. Mér er ekki nærtæk biblían 1859, en hún var víst að mestu leyti Viðeyjarbiblían 1841 endurprentuð.

Næsta útgáfa er hin svokallaða Aldamótabiblía frá 1908–1912 sem enn er til á mörgum heimilum. Þar er orðalag 17. orðskviðar svona:

Betri er þurr brauðbiti með ró en fult [*svø*] hús af fórnarkjöti með deilum.

Athyglisverð eru orðin *fullt hús af fórnarkjöti*, efnisrík og lýsandi. Hér hefur líka verið skipt á *hatri/þrætu/argi* eldri þýðinga og orðinu *deila*, sem kann að

⁴ Sjá Guðrúnu Kvaran (1990) um tengsl íslenskra biblíuþýðinga og -útgáfna.

vera til bóta. Í þeirri gerð biblíunnar sem gjarnan er nefnd Þýðingin 1981 eða Biblían 1981 er Gamlatestamentishlutinn í grundvallaratriðum sá sami og í Aldamótabíbliunni. Hér er texti 17. orðskviðar líka sá hinn sami.

Er þá komið að biblíu 21. aldar sem er nýþýðing úr frummálunum. Miðað við eldri gerðir er textinn hér hlutlaus, þurr og bragðdaufur:

Betri er þurr brauðbiti í næði en veisla í húsi fullu af deilum.

Hér eru athyglisverðust býtin á *fullu húsi sláturs*, *fullu húsi af slátruðu fé*, *fullu húsi af vistum*, *fullu húsi af fórnarkjöti* og orðinu *veisla* í þessari nýjustu þýðingu íslensku biblíunnar. Nú er hvergi minnst á fórn né kjöt, og hafa nútímalegir þýðendur (eða túlkendur) kannski reynt að koma þarna til móts við takmarkaðan áhuga nútímafólks á trúarlegum fórnnum (og kannski kjöti). Einnig hefur verið skipt á *ró* eldri þýðinga og orðinu *næði*, og má svo sem vel samþykkja það að *brauðbiti í næði* sé nútímalegra mál en *munnbíti* eða *brauðbiti með ró*.

Ekki er að sjá að vitnað sé í þennan orðskvið í fornum bókum norrænum (sjá Kirby 1976:85 og 1980:233) og er nú sagan eiginlega öll. Ég fæ þó ekki stillt mig um að nefna dæmi alls óskýlt þessum sem rak á fjörur mínar.

Í riddarasögunni *Möttuls sögu* er á einum stað sagt frá því er þjónustumenn búa borð fyrir gesti. Þar segir meðal annars:

kleddu þeir þa borð með hinum huitoztum dukum. ok lögðu á gullspanu ok silfr spanu knífa vel buna `silfr` diska með salti ok var þa matr albuinn konungi ok allri hirð (Kalinke 1987:17; handritið er AM 598 I β 4to frá 1300–1350).

Á borðum eru diskar með salti sem sýnir að það hefur ekki verið jafnsjálfsagður bragðauki og nú á dögum. Hið sama segir í franska ljóðinu sem liggur að baki norrænu þýðingunni, *Le Lai du cort mantel*:

Sor les tables sont li doublier, / les salieres et li coutel
(Kalinke 1987:16; ca. 'á borðum eru diskar, saltker og hnífar').

Möttuls saga var þýdd í Noregi á 13. öld. Hún er varðveitt í 18 íslenskum handritum (Kalinke 1987:lxxxv). Öll nema eitt eru af sama legg (α) og eru rakin til Holm perg 6 4to / AM 598 I α 4to frá fyrsta fjórðungi 15. aldar (upprunalega eitt handrit). Þar er varðveittur hluti úr miðju sögunnar og

lok hennar. Brotið AM 598 I β 4to, eitt blað, er hið eina sem eftir er af hinum leggnum (β). Bestu handrit α-flokksins eru afritin AM 179 fol. frá 17. öld, sem Jón Erlendsson í Villingaholti, d. 1672, skrifaði og AM 181 b fol. sem er frá um 1650, skrifari Þorsteinn Björnsson á Útskálum, d. 1675. Þau munu jafnvel skrifuð beint eftir Holm perg 6 4to / AM 598 I α 4to meðan það handrit var heilt (Kalinke 1987:xcix). Á þeim stað í textanum sem ofangreint dæmi var tekið úr, stendur í AM 179 fol. (sami texti er í AM 181 b fol.):

klæddu þeir first bordinn með hinum hvíttustu dukumm og logdo a silfurspono og gullspóna knífa vel buna og silfurdiska með slátri.

Einhvern veginn finnst manni dálítið fallett að sjá hvað blessað slátrið hefur verið ofarlega í huga manna, jafnt Guðbrands biskups í lok 16. aldar sem og 17. aldar skrifara.

Heimildaskrá

- Biblia: das ist: Die gantze Heilige Schrifft: Deudsch.* Auffß new zugericht. D. Mart. Luth. Gedruckt zu Wittemberg / Durch Hans Lufft. M.D.XLV.
- Biblían 1584, 1644, 1728–1734, 1747, 1813, 1841, 1908–1912: <https://baekur.is>.
- Biblían 1866: <https://archive.org/details/biblaaderheilgri00lund/page/610>.
- Biblían 1981: <https://biblian.is/1981/ordskvidirnir-17-kafli>.
- Biblía 21. aldar: <https://biblian.is/biblian/ordskvidirnir-17-kafli>.
- Guðrún Kvaran. 1990. „Almúganum til sæmdar og sáluhjálpar. Um íslenskar biblíuþýðingar.“ *Orð og tunga* 2:9–19. Reykjavík.
- Guðrún Kvaran. 1994. „Nokkur orð um málið á Steinsbiblíu.“ Í: Gunnlaugur A. Jónsson, Einar Sigurbjörnsson og Petur Pétursson (ritstj.), *Biblían og bókmenntirnar*, 129–153. Reykjavík: Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan.
- Guðrún Kvaran, Gunnlaugur A. Jónsson, Sigurður Pálsson. 2016. „Viðeyjarbiblía (1841): Áhrif hennar og staða í sögu íslenskra biblíuþýðinga.“ *Skírnir* 190, vor: 112–155.
- Hallik, Sibylle. 2007. *Sententia und Proverbium. Begriffsgeschichte und Texttheorie in Antike und Mittelalter.* (Ordo 6: Studien zur Literatur und Geschellschaft des Mittelalters und der frühen Neuzeit.) Köln, Weimar, Wien: Böhlau Verlag.
- Jón Árnason. 1994 [1738]. *Nucleus Latinitatis*. Ný útgáfa. Útg. Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon. (Orðfræðirit fyrri alda 3.) Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Kalinke, Marianne E. (útg.). 1987. *Mottuls saga*. With an Edition of *Le Lai du cort mantel* by Philip E. Bennett. (Editiones Arnarnæanæ B 30.) Kaupmannahöfn: Reitzel.

- Kirby, Ian. 1976, 1980. *Biblical Quotation in Old Icelandic-Norwegian Religious Literature*. I–II. (Rit 9 og 10.) Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Thesaurus Proverbiorum Medii Aevi. Lexikon der Sprichwörter des romanisch-germanischen Mittelalters*. Begründet von Samuel Singer. Band 2: Bisam – erbauen. Berlin, New York: Walter de Gruyter 1996.
- Wörterbuch zur Lutherbibel von 1545*. Vefslóð (leit að orðinu *hadder*): <https://www.stilkunst.de/lutherdeutsch/woerter/h/wdb-hadder.php>.

Þorsteinn G. Indriðason

„Þá er gott að fela sig inni í lekkerri slá“

Dönskuslettur voru algengar hér áður fyrr og mun algengari en nú á tímum þegar enskan hefur tekið við sem ‘móðurtunga’ þeirra sem vilja sletta. Groenke (1966:223) nefnir að dæmigerð sletta sé dönskusletta sem aðlagast hafi hljóðkerfi íslenskunnar og að aðlögun að beygingarkerfinu sé algeng en þó ekki algild. Þessi lýsing á vel við slettuna *lekker* eins og bráðum mun koma í ljós, a.m.k. beygingarlega. Ég man eftir því að móðir mín og amma slettu stundum dönsku og sögðu þá „lekker“ og jafnvel „gasalega lekker“ þegar talað var um útlit fólks og flíkur og því lék mér forvitni á að vita nánari deili á slettunni og notkun hennar. Hversu algeng er hún, í hvaða samhengi er hún notuð og hversu aðlöguð íslensku er hún í dag? Með því að skoða dagblaða- og tímaritasafnið *Tímarit.is* á tímabilinu 2000–2018 er hægt að fá nokkuð góða mynd af notkun slettunnar og aðlögun hennar á umræddu tímabili. Dæmin sem fundust koma aðallega úr þremur dagblöðum: *Morgunblaðinu (MBL)*, *Fréttablaðinu (FBL)* og *Dagblaðinu Vísi (DV)*.

Það kom mér á óvart hversu vel aðlöguð slettan er við nánari eftirgrennslan. Um 250 dæmi fundust um hana á umræddu tímabili í fleiri beygingarmyndum eins og ég mun tíunda hér á eftir.

Elstu dæmin af *Tímarit.is* eru frá 1913 og 1928, sbr. eftirfarandi:

... hann er svo *lekker* og sætur ... (*Reykjavík*, 1913)

„Þykir þjer hún ekki vera *lekker* aftaná?“ (*Siglfirðingur*, 1928)

Í skemmtilegum pistli frá 1958 fer Árni Böðvarsson málfræðingur ekki sérlega mjúkum höndum um þetta orð og kallar það „skrípi“, en fram kemur hjá honum að það sé töluvert aðlagð íslensku, sbr. eftirfarandi (leturbreytingar mínar):

Eitt þeirra orða sem mjög oft má heyra nú, ekki sízt í munni kvenna í Reykjavík, er skrípið *lekker*; þær tala um föt, mat, gripi, og segja að þetta og hitt sé lekkert. Ekki batnar það, þegar orðið er stigbreytt *lekkerara*, *lekkerast*, því að þá ber enn meir á afkáraskap þess. Það getur aldrei fengið íslenzkan svip nema með miklum breytingum, enda er þetta ekki með neinu móti nothæft í íslenzku máli.

Og í sama pistli segir Árni eftirfarandi um uppruna orðsins (leturbreytingar mínar):

Inn í íslenzku mun það vera komið úr dönsku, en annars er það upprunnið úr þýzku og náskytt þýzku sögninni *lecken* sem merkir að sleikja, og hefur lýsingarorðið verið notað upphaflega um mat. [...]

Hann nefnir svo að fjölmörg góð orð geti komið í stað *lekker*, svo sem „snotur, glæstur, fallegur, vandaður, sélegur, ásjálegur, dýrlegur, inndæll“.

Hér á eftir verða tíunduð ýmis dæmi um beygingu og orðmyndun með *lekker* af *Tímarit.is*. Dæmi fundust um slettuna í öllum kynjum. Dæmunum er raðað eftir fallröð eintölu og fleirtölu (leturbreytingar eru mínar).

Sterk beyging

Fjölmörg dæmi fundust um sterka beygingu lýsingarorðsins á tímabilinu og hér eru nokkur þeirra:

KK.-myndir

- nf. et. aldrei hægt að vera *lekker* og kvenlegur í meira en mínútu fyrir utan Leifstöð (*MBL* 23.7. 2000)
- þf. et. Á morgun ætlar hún svo að töfra fram '*lekkeran*' pottrétt fyrir fjölskylduna (*FBL* 19.10. 2002)¹
- þgf. et. en hún var í *lekkerum*, listrænum kjól (*DV* 29.2. 2008)
- nf. ft. Sjáðu hvað þeir eru þunnir og '*lekkerir*' í sér (*MBL* 18.1. 2002)
- þf. ft. Hægt að panta gasalega *lekker* og mjög svo lystuga matrétti (*Stúdenta-bláðið*, janúar 2001)
- þgf. ft. framleitt af misfyndnu grínefni og *lekkerum* heimsóknáttum (*DV* 27.4. 2007)

¹ Í sumum dæmanna hér eru einfaldar gæsalappir með slettunni sem getur þá bent til þess að málnotandinn sé að afsaka notkunina á orðinu.

KVK.-myndir

- nf. et. gasalega ertu *lekker* eitthvað og sjarmerandi í dag elskan (*Dagur* 12.7. 2000)²
- þf. et. drekkandi martini og daðrandi við *lekkera* ljósku (*DV* 20.6. 2003)
- þgf. et. Þá er gott að fela sig inni í *lekkerri* slá (*MBL* 23.12. 2012)
- nf. ft. *Lekkerar* í ljósu Jónína og Ásta (*DV* 17.6. 2014)
- þf. ft. og farið að klæða okkur í *lekkerar* kápur og jakka (*DV* 29.2. 2008)
- þgf. ft. Þessi hentar eiginlega bæði *lekkerum* dömum og herðabreiðum kavalerum (*MBL* 18.2. 2003)

HK.-myndir

- nf.et. Eins er *lekkert* að gefa fallegar litlar peysur sem við erum með (*FBL* 16.11. 2005)
- þf. et. gera fólk afskaplega *lekkert* í laginu (*Dagur* 23.9. 2000)
- þgf. et. „Maður er glaðari í lund ef maður er í einhverju *lekkeru*.“ (*DV* 12.7. 2003)
- nf. ft. Hefði bóndi minn látið vel að stjórn sætum við nú líklega afskaplega *lekker* (*FBL* 16.11. 2008)
- þf. ft. Gluggatjaldaverslanir landsins bjóða upp á ofurþunn og *lekker* gluggatjaldaefni (*FBL* 3.3. 2005)
- þgf. ft. Jón Sæmundur Auðarson, Ármann Reynisson í *lekkerum* gráum jakkafötum (*MBL* 26.3. 2006)

Veik beyging

Nokkur dæmi fundust um veika beygingu orðsins á tímabilinu, sbr. eftirfarandi:

- Landsfeður og -mæður þessa *lekkera* lands (*DV* 24.8. 2001)
- hin *lekkera* Lena (*MBL* 24.4. 2005)
- til dæmis þegar þú varst að reykja *lekkeru* sigarettarnar (*MBL* 19.11. 2006)
- þessa í *lekkeru* plasttúbunum (*FBL* 30.1. 2008)
- í þessum líka *lekkera* glasahaldara (*DV* 9.5. 2008)
- kvöldmatinn í þessu *lekkera* eldhúsi (*MBL* 22.9. 2011)
- Nú eða þá að hún sagði mér frá *lekkeru* blússunni ... (*MBL* 6.10. 2014)
- eftir að hún og Deddi Fúsi *lekkeri* fluttu á Hringbrautina (*MBL* 2.4. 2014)

² Hér gæti sem hægst verið um kk.-mynd að ræða líka, sbr. tilbúið dæmi eins og *Gasalega ertu sætur, elskan*.

Stigbeyging

Dæmi eru einnig um stigbeygingu lýsingarorðsins, þ.e. myndirnar *lekkerara*, *lekkerari*, *lekkerasta*, *lekkerustu*, *lekkerastur*, sbr. eftirfarandi dæmi, fyrst miðstig og svo efstastig:

Þetta er allt miklu '*lekkerara*' en stóru verkin (*MBL* 4.11. 2005), mst.
En Helgi Skúli, er hann eitthvað *lekkerari*? (*MBL* 20.1. 2007), mst.
Strikið er án efa ein *lekkerasta* göngugata heimsins (*DV* 21.12. 2002), est.
og smæstu súkkulaðistykki voru skorin í *lekkerustu* sneiðar (*MBL* 12.11. 2007), est.
að sjálfsgöðu þann sem henni þótti '*lekkerastur*' (*MBL* 21.3. 2013), est.

Orðmyndun

Tvö dæmi fundust um lýsingarorðið þar sem það er notað sem grunnorð með viðskeytinu *-heit*, þ.e. *lekkerheit*, sbr. eftirfarandi:

Það var heljarinnar veisla með tilheyrandi kræsingum og *lekkerheitum* (*MBL* 23.8. 2013)
það minnir [...] á hina guðdómlegu Coco Chanel, móður allra *lekkerheita* (*MBL* 16.12. 2012)

Á umræddu tímabili frá 2000–2018 fundust eftirtaldar myndir í sterkri beygingu (stjórnumerktar myndir innan sviga fundust ekki):

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.	<i>lekker</i>	<i>lekker</i>	<i>lekker-t</i>
þf.	<i>lekker-an</i>	<i>lekker-a</i>	<i>lekker-t</i>
þgf.	<i>lekker-um</i>	<i>lekker-ri</i>	<i>lekker-u</i>
ef.	*(lekker-s)	*(lekker-rar)	*(lekker-s)
nf. ft.	<i>lekker-ir</i>	<i>lekker-ar</i>	<i>lekker</i>
þf.	<i>lekker-a</i>	<i>lekker-ar</i>	<i>lekker</i>
þgf.	<i>lekker-um</i>	<i>lekker-um</i>	<i>lekker-um</i>
ef.	*(lekker-ra)	*(lekker-ra)	*(lekker-ra)

Athyglisvert er hversu vel aðlagð beygingarlega orðið er þegar tekið er tillit til þess að stofninn er tvíkvæður með *-er* í seinna atkvæði (sbr. líka það sem haft er eftir Árna Böðvarssyni 1958). Hins vegar sést af töflu að það vantar dæmi um bæði eignarfall eintölu og fleirtölu, þ.e. *lekker-s*, *lekker-rar* og *lekker-ra* og þessar myndir er yfirhöfuð ekki að finna á *Tímarit.is*. Vekur

það upp spurningu um það hvort erfiðara sé fyrir slettur að standa í eignarfalli en í öðrum föllum. Í veikri beygingunni fannst reyndar dæmi um eignarfall eintölu í hvorugkyni, þ.e. „þessa lekkera lands“ (eignarfallseinkunn).

Við beyginguna verður svo ekki sérhljóðsbrottfall úr áherslulausu atkvæði eins og oft er í íslensku á undan beygingarendingu sem í er sérhljóð, sbr. *hamar* – *hamr-i* o.s.frv. Ef til vill er slíkt brottfall hindrað af hljóðskipunarlegum ástæðum, þ.e. til þess að koma í veg fyrir að til verði erfiður framburðarklasi *-kk-*. Ekki er víst að slík skýring dugi þar sem þessi klasi er til staðar í öðrum orðum eins og *nokkur* – *nokkrar*. Og slíkt ‘brottfallsleysi’ kemur fyrir víða í íslensku, sbr. beygingarvíglin *veitull* – *veitulum* eða *skröfull* – *skröfulum* og sum nöfn einnig, sbr. *Gunnar* – *Gunnari* og *Arnar* – *Arnari*.

Hverju er svo verið að lýsa með slettunni? Eins og sagði í inngangi þá er algengast að verið sé að lýsa útliti fólks eða flíkum; kjólum, kápum, jökkum, slám, peysum og blússum en einnig koma önnur atriði fyrir eins og sjónvarpsþættir, sigarettur, glasahaldarar, eldhús, (köku)sneiðar og jafnvel göngugötur.

Hér hefur verið fjallað um dönskuslettuna *lekker* á tímabilinu 2000–2018 eins og hún kemur fyrir á *Tímarit.is*. Ekki er annað að sjá en að hún lifi góðu lífi enn þann dag í dag, vel aðlöguð ef frá er skilið eignarfall eintölu og fleirtölu í sterku beygingunni. Bendir það til þess að eignarfallið sé ‘erfiðara’ fall fyrir slettur en önnur föll? Það að slíkar myndir finnist ekki yfirhöfuð á *Tímarit.is* bendir sterklega til þess en slíkt er auðvitað verðugt rannsóknarefni í sambandi við aðlöguð lýsingarorð yfirleitt.

Heimildaskrá

Árni Böðvarsson. 1958. „Íslenzk tunga, 2. þáttur.“ *Nýi tíminn*, bls. 2.

Groenke, Ulrich. 1966. „On standard, substandard and slang in Icelandic.“ *Scandinavian Studies* 38, 3, bls. 217–231.

Tímarit.is. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Bókmenntasaga sem skáldskapur og bókmenntaform

Í *Kristnihaldi undir Jökli* staðhæfir séra Jón Þrímur að saga sé einlægt eitt-hvað allt annað en það sem hefur gerst. Staðreyndirnar séu roknar út í veður og vind áður en sagt hefur verið frá þeim og því nær þeim sem fólk reyni að komast með sagnfræði því dýpra sökkti það í skáldsögu. Öll saga, þar á meðal veraldarsagan, sé þar með fabúla og lúti þeim lögmálum sem þar ríkjá. Þrátt fyrir þessa skoðun sína gerir séra Jón Þrímur skýran greinarmun á sagnaskáldinu og sagnfræðingnum: „Munurinn á sagnaskáldi og sagnfræðingi er sá að hann sem ég nefndi fyrir lýgur vísitandi að gamni sínu; sagnfræðingurinn lýgur í einfaldni sinni og ímyndar sér að hann sé að segja satt“ (Halldór Laxness 1968:108).

Miðað við ummæli ýmissa fræðimanna fyrr og síðar eru margir þeirra sem rekja sögu bókmenntanna alls ekki jafn einfaldir í viðhorfi sínu til sannleikans og séra Jón Þrímur vill vera láta. Árið 1908 fullyrti Henrik Schück, einhver áhrifamesti bókmenntasöguritari Svía, t.d. að bókmenntasagan væri „alltaf að meira eða minna leytir skáldskapur, þ.e. lýsing á heimsskoðun og skapgerð sagnfræðingsins og sérstæðum hætti hans að skilja og tengja saman tilteknar staðreyndir sem aðrir gætu skilið og tengt saman á annan hátt“ (sbr. Broomans 2001:34). Tæpri hálfri öld síðar (1957) hélt landi hans og starfsfélagi Fredrik Böök því einnig fram að sagnfræðingurinn og skáldsagnahöfundurinn stæðu í meginatriðum í sömu sporum þótt sá síðarnefndi hefði óneitanlega meira frelsi til sköpunar. Báðir notuðu t.d. ímyndunarafl sitt og innsæi til að túlka og tengja saman atvik sem virðast bæði þögul og einangruð (sbr. Fehrman 2001:282–283).

Af íslenskum vettvangi er nærtækt að vísa í grein Sigurðar Nordal „Um bókmenntasögu“ þar sem bent er á að þessi fræðigrein sé „flestum sviðum opnari leikvöllur fyrir alls konar samtíning, getgátur, sleggjudóma og órökstuddar staðhæfingar“ (Sigurður Nordal 1961:6–7). Oft þurfi höfundar bókmenntasagna líka ýmist að ganga nærri fáskrúðugum bókmenntum tiltekins tímabils svo að ekki myndist eyður í söguna eða velja markvisst úr blómlegum bókmenntagreinum annars tíma til að koma í veg fyrir óskapnað. Við það val ráði miklu persónulegur smekkur og mat sögurarans sem

lengi megi deila um. Að auki sé bókmenntasagan ævinlega undirorpin stefnum og tísku eigin samtíma.

Af þessum ummælum má ráða að almennt séu bókmenntasöguritarar ekki þeirrar skoðunar að verk þeirra birti algildan, vísindalegan sannleika, þó ekki væri nema vegna þess að sjálfir taki þeir beinan þátt í að móta söguna með vali sínu á efni, niðurskipan þess, sjónarhorni, túlkunum, áherslum og framsetningu. Um leið er þeim skorinn viss stakkur bæði af hefðarveldi bókmenntanna og hefðbundinni gerð bókmenntasagna sem jafnan þurfa að hafa röklegt samhengi, þ.e. upphaf, miðju og endi, flækju og lausn, auk aðal- og aukapersóna. Árið 1871 líkti Georg Brandes t.d. meginstraumum evrópskra bókmennta 19. aldar við „sex þætti í miklum sjónleik“ með klassískri uppbyggingu. Þar hefði Byron lávarður valdið „hvörfum“ en skáld á borð við Heine lagt grunninn að „lausn“ sjónleiksins (sbr. Brandes 1966). Fleiri fræðimenn hafa gripið til svipaðs samanburðar á bókmenntasögunni og skáldskap.

Á síðustu áratugum hefur umræða fræðimanna um slíka þætti orðið sífellt háværari, um leið og þeir hafa æ meir farið að notfæra sér kenningar málvísinda og bókmenntafræði til að varpa ljósi á formgerð sagnfræðirita og þær aðferðir sem höfundar þeirra beita til að koma viðfangsefni sínu og sjónarmiðum á framfæri. Í þessu sambandi ber sérstaklega að minnast rits bandaríska sagnfræðingsins Haydens White *Metahistory* (1973) þar sem fullyrt er að höfundar evrópskra sagnfræðirita 19. aldar hafi einkum notast við fjögur grundvallarform bókmennta við að skipuleggja veruleikann sem þeir greina frá, gefa einstökum staðreyndum merkingu og gildi og tryggja að lesandinn upplifi þær sem röklegar og samhangandi heildir. Þetta eru rómansan, háðsádeilan, gleðileikurinn og harmleikurinn.

Í rómönsunni er lögð áhersla á að lýsa kynnum söguhetjunnar af framandi aðstæðum og hvernig hún sigrast á þeim og eykur þekkingu sína og þroska. Í háðsádeilunni er söguhetjan úr takti við aðstæður sínar og lýtur í lægra haldi fyrir þeim eða lætur reka á reiðanum. Í gleðileiknum tekst söguhetjunni að halda í horfinu um sinn þrátt fyrir ýmiss konar ytri ógnir. Harmleikurinn endar á hinn bóginn með ósigri söguhetjunnar og jafnvel algeru hruni þess heims sem hún er hluti af vegna eigin blindu eða óviðráðanlegra aðstæðna. Eins og gamanleikurinn felur harmleikurinn þó stundum í sér von um framhald og síðari sigra.

Þær fléttur sem White tilgreinir virðast setja mark sitt á íslenska bókmenntasögu fyrr og síðar. Form rómönsunnar og harmleiksins birtast t.d. skýrt í sögu fornþókmenntanna sem hefjast við landnámið, rísa til hæstu hæða á 13. öld með Íslendingasögunum og klassískum ritum Snorra Sturlusonar en hnignar svo hægt og bitandi þegar forn samfélagsskipan riðlast og erlend áhrif fara að hafa óæskileg áhrif á stjórnun og menningu þjóðarinnar, þar á meðal tungumál og skáldskap. Við þetta dregur máttinn úr bókmenntunum og við tekur langt millibilsástand sem einkennist af ýmsum tilbrigðum háðsádeilunnar og gleðileiksins. Skáldum og rithöfundum er þá ýmist lýst sem þolendum gerbreytts veruleika eða varðveislumönnum innlendrar hefðar, einkum tungumálsins og stuðlanna þrískiptu grein. Með Fjölnismönnum, ekki síst Jónasi Hallgrímssyni, hefst síðan ný rómansa og sigursæl endurreisn og þroskasaga bókmenntanna sem enn sér ekki fyrir endann á.

Bandaríski bókmenntafræðingurinn David Perkins er meðal þeirra sem fetað hafa í fótspor Haydens White. Í riti sínu *Is literary history possible?* (1992) heldur hann því fram að hefðbundin bókmenntasaga, þ.e. sú sem byggir á frásögnum, hafi einungis til umræða þrjár mismunandi fléttur. Hin fyrsta hafi rísandi stefnu, önnur hnígandi og sú þriðja bæði rísandi og hnígandi. Val söguritara á þessum formgerðum ráðist af sögusýn hans og markmiðum en um leið hafi formgerðin sem slík veruleg áhrif á efnisval hans, hvernig tímabil eru afmörkuð og hvaða höfundar standa í upphafi þeirra og endi. Í tengslum við þetta getur Perkins þess t.d. að bókmenntafræðingurinn Wilhelm Scherer hafi rökstutt þá ákvörðun að láta þýska bókmenntasögu sína *Geschichte der deutschen Litteratur* (1883) ljúka með dauða Goethes árið 1830 með þeim orðum að einungis þannig fengi hún „verðugan endi“. Yfirlit um bókmenntir næstu 50 ára, þ.e. frá 1830 til 1880, hefði skemmt þann endi og aðeins orðið sundurlaus og ruglingslegur viðauki (Perkins 1992:37).

Halda má því fram að svipað viðhorf um verðug tímamörk ráði því að tímabil upplýsingarstefnunnar í íslenskum bókmenntum er stundum talið hefjast með Heklugöngu Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar sumarið 1750 og ljúka með dauða Magnúsar Stephensen árið 1833 eða fyrsta árgangi *Fjölnis* tveimur árum síðar.

Perkins hefur einnig bent á að þær aðferðir sem fræðimenn nota til að flokka skáld og skáldverk í tímabil, stefnur eða skóla séu fyrst og fremst

tilbúningur sem stundum þjóni tiltekinni hugmyndafræði en séu stundum byggðar á hreinum tilviljunum eða hefðum sem eitt sinn komust á og síðari tíma menn hafa tekið upp sem óyggjandi sannleika. Oftar en ekki séu bókmenntasöguritarar því að endurrita eða afrita verk áhrifamikilla fyrirrennara sinna þegar þeir gera grein fyrir einstökum skáldum, skáldverkum eða tímabilum.

Slík endurritun getur skapað margvíslegar flækjur og mótsagnir, t.d. þegar rómantíska tímabilið í íslenskum bókmenntum er látið hefjast með útgáfu *Fjölnis* 1835 um leið og staðhæft er að Bjarni Thorarensen hafi í raun verið fyrsti og besti fulltrúi rómantískra viðhorfa í íslenskum skáldskap með ljóðum sínum frá öðrum og þriðja áratug 19. aldar. Fjölnismaðurinn Tómas Sæmundsson hafi á hinn bóginn verið upplýsingarmaður í húð og hár en félagi hans, Jónas Hallgrímsson, allt í senn klassískur, jarðbundinn og þjóðlegur.

Hið þjóðlega er raunar hryggjarstykkið eða þráðurinn sem tryggir samhengi flestra hefðbundinna bókmenntasagna, jafnt íslenskra sem erlendra, og að einstakir kaflar frásagnarinnar rúmist innan einnar og sömu heildar þrátt fyrir breytingarnar sem greint er frá og marka nauðsynleg kaflaskil. Að dómi sumra fræðimanna er slíkt samhengi ekki aðeins mikilvægt af hagkvæmnisástæðum, t.d. til að svara því hvað séu íslenskar bókmenntir og hvenær þær hefjist, heldur einnig af þjóðernislegum ástæðum. Að mati Sigurðar Nordal myndaði það „sjálfa lífstauginna í sögu þjóðarinnar“ (Sigurður Nordal 1924:xi). Því væri nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því og rjúfa það ekki. Jafnaldri Sigurðar og vinur, norskri prófessorinn og bókmenntasöguritarinn Francis Bull, gekk jafnvel enn lengra þegar hann fullyrti árið 1916 að ef slíkt innra samhengi fyndist ekki í norskri sögu væri freistandi að búa það til bæði af þjóðernislegum og pólitískum ástæðum (sbr. Sejersted 2001:364–365).

Mikilvægt er að hafa allt þetta í huga þegar íslensk bókmenntasaga er lesin og íhuguð og leitað að þeim sannleika sem hún birtir og þeim lærdómi sem draga má af henni. Sú saga er ekki aðeins saga staðreynda um skáld og skáldverk, tískustrauma og tímabil heldur einnig og ekki síður saga bókmenntasöguritarans, kennivalds hans, þekkingar og afstöðu til þess efnis sem hann fjallar um, þess erindis sem hann hefur við samtíma sinn með rannsóknum sínum og skrifum og glímu hans við að koma efni sínu á framfæri við lesandann á lifandi og trúverðugan hátt.

Heimildaskrá

- Brandes, Georg. 1966. „Indledning.“ *Hovedstrømninger i det nittende Århundredes Litteratur* I. København: Jespersen og Pios forlag.
- Broomans, Petra. 2001. *Detta är jag. Stina Aronsons litteraturhistoriska öde*. Stockholm: Carlssons.
- Fehrman, Carl. 2001. „Gerhard Grans brev till tre nordiska litteraturvetare: Georg Brandes, Henrik Schück och Fredrik Böök.“ *Videnskab og national opdragelse. Studier i Nordisk litteraturhistorieskrivning* I–II. København: Nordisk ministerråd.
- Halldór Laxness. 1968. *Kristnihald undir Jökli. Skáldsaga*. Reykjavík: Helgafell.
- Perkins, David. 1992. *Is literary history possible?* Baltimore and London: The Johns Hopkins University Press.
- Sejersted, Jørgen. 2001. „Francis Bull – mellom empiri og retorikk.“ *Videnskab og national opdragelse. Studier i Nordisk litteraturhistorieskrivning* I–II. København: Nordisk ministerråd.
- Sigurður Nordal. 1924. „Samhengið í íslenskum bókmentum.“ *Íslensk lestrarbók 1400–1900*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.
- Sigurður Nordal. 1961. „Um bókmenntasögu.“ *Vísindin efla alla dáð*. Reykjavík: Hlaðbúð.
- White, Hayden. 1973. *Metahistory. The historical imagination in nineteenth-century Europe*. Baltimore and London: The Johns Hopkins University Press.

Stiklur um sögu íslensku sem annars og erlends máls

FYRRI ALDIR

Litlar og strjálur heimildir eru varðveittar frá fyrri öldum um beina kennslu erlends fólks í íslensku. Þeir sem áttu samskipti við Íslendinga, t.d. kaupmenn og sjómenn, sem komu til landsins, hafa trúlega lært málið að einhverju marki. Varðveitt er í handritum kennslukver í íslensku samið af Jóni Ólafssyni úr Grunnavík (1705–1779), *Kort Undervijsnijng om de fornemste stycker, til at læse og tale det Islandske sprog rett* (Thott 482 8vo og Thott 483 8vo) en það var ætlað Hans nokkrum Lange, Norðmanni sem var í þjónustu stiftamtanna. Þetta er vísast elsta kennsluefni í íslensku fyrir útlendinga sem varðveitt er.

Nokkur orðabókarverk voru unnin og gefin út fram á miðja 19. öld með íslensku sem markmál eða grunnmál. Elstar þeirra eru *Specimen Lexici Runici* (Sýnishorn rúnaorðabókar) (Kh. 1650) Magnúsar Ólafssonar í Laufási (1573–1636) og *Lexicon Islandicum* (Kh. 1683) Guðmundar Andréssonar (d. 1654). Þessar orðabækur gerðu lærdómsmönnum erlendis betur kleift en áður að fást við íslenska texta. (Sjá *Orðfræðirit fyrri alda*, vefslóð: <http://arnastofnun.is/is/ordabaekur/>).

Lærdómsmenn erlendis (einkum í Kaupmannahöfn og Uppsölum) nutu oft stuðnings Íslendinga, sem nærri þeim voru, við útgáfu, þýðingar og rannsóknir á fornnorrænum textum á 17., 18. og 19. öld. Sumir lærðu lítið eitt í íslensku. Enn fremur lögðu einstöku lærðir Íslandsfarar á sig íslenskunám sem lið í undirbúningi Íslandsferðar, t.d. Konrad Maurer (1823–1902), prófessor í München.

1870–1970

1870 Kennsla hefst um íslenska sögu og bókmenntir, síðar íslenskt nútíðarmál við Kaupmannahafnarháskóla. Fyrsti kennarinn var Gísli Brynjúlfsson (1827–88). Í Kaupmannahöfn og víðar við háskóla í Norður- og Vestur-Evrópu var þegar á 19. öld boðið upp á kennslu í forníslensku og fornnorrænum bókmenntum.

1920–1924 *Íslensk-dönsk orðabók* Sigfúsar Blöndals kemur út. Fleiri stórvirki í orðabókargerð hafa létt undir í glímu erlendra íslenskunema við

málið, sjá: *Listi yfir bækur um íslenskt mál, menningu og sögu*. Vefslóð: https://www.arnastofnun.is/page/baekur_um_islensku.

1927 Fyrsta kennslubókin fyrir útlendinga í íslensku nútíðarmáli kemur út, bók Snæbjarnar Jónssonar *A Primer in Modern Icelandic*.

1943 Íslenskukennslubók Sigfúsar Blöndals og Ingeborg Stemann, *Praktisk Lærebog i islandsk nutidssprog*, kemur út á dönsku.

1945 Íslenskukennslubók Stefáns Einarssonar, *Icelandic*, kemur út á ensku. Allt frá því framangreind brautryðjendaverk birtust hefur verið gefið út talsvert af kennsluefni í íslensku á þó nokkrum málum. Skal um það vísað á *Listu yfir bækur um íslenskt mál, menningu og sögu*. Vefslóð: https://www.arnastofnun.is/page/baekur_um_islensku

Frá 1949 Styrkir menntamálaráðuneytisins veittir til náms í íslensku við HÍ.

1954 Kennsla hefst í íslensku fyrir útlendinga við Háskóla Íslands, fyrst í smáum stíl í formi einstakra námskeiða. Lengi vel var um að ræða tveggja ára nám.

1955 *Linguaphone-námsskeið í íslensku* unnið af Stefáni Einarssyni kemur út – það var fyrsta hljóðkennsluefnið í íslensku fyrir útlendinga.

Á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Sendikennarastöðum er komið á fót við nokkra háskóla á Norðurlöndum, í Þýskalandi og Frakklandi. Áður var boðið upp á kennslu í íslensku nútíðarmáli við einstaka háskóla eins og í Cambridge, Englandi, í Berlín og Greifswald í Þýskalandi. Á síðustu áratugum fjölgaði kennarastöðum í íslensku hægt og bítandi. Sjá *Tal íslenskukennara erlendis* (vefslóð: http://arnastofnun.is/is/islenskukennaratal_vid_erlenda_haskola_fra_midri_19_old_fram_okkar_daga_0). Einnig hafa stundakennarar og kennslukraftar í norrænum, germönskum og enskum fræðum víða sinnt íslenskukennslu við erlenda háskóla.

Frá því á 6. áratug síðustu aldar hefur verið boðið upp á sumarnámskeið fyrir norræna stúdenta við Háskóla Íslands, Nordkurs. Norræna ráðherra-nefndin styrkir þetta námskeiðshald, Stofnun Sigurðar Nordals og síðar Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur staðið fyrir því mörg síðustu ár.

FRÁ 1970

1974 Fyrsti árlegi fundur íslenskra sendikennara erlendis haldinn í Gautaborg. Upp úr því hefst stuðningur íslenska ríkisins við sendikennarastólana erlendis, m.a. í formi bókastyrkja og ferðastyrkja á lektorafundina og til Íslandsferða.

1984 Samkvæmt skýrslu, sem var unnin þetta ár, var þá boðið upp á kennslu í íslensku – misumfangsmikla – við 45 erlenda háskóla.

Frá 1987 hefur verið boðið upp á þriggja ára nám í íslensku fyrir útlendinga við Háskóla Íslands.

1986 Stofnun Sigurðar Nordals komið á fót.

1988 Úlfar Bragason ráðinn forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals. Stofnunin hefur starfsemi sína það ár í Þingholtsstræti 29.

Frá 1989 hefur alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku verið haldið við Háskóla Íslands. Stofnun Sigurðar Nordals og síðar Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur staðið fyrir því í samvinnu við Háskóla Íslands.

1990 5. Raskráðstefna Íslenska málfræðifélagsins helguð íslenskukennslu fyrir útlendinga.

1991 Stofnun Sigurðar Nordals falið að sjá um málefni íslenskukennslu við erlenda háskóla. Málaflokknum áður sinnt í menntamálaráðuneytinu.

10. áratugur síðustu aldar. Háskólar netvæðast og samskipti íslenskukennara við erlenda háskóla sín í milli og þeirra við heimalandið verða til muna einfaldari og skilvirkari. Tölvu- og netvæðing hefur einnig veruleg áhrif á kennsluhætti og kennsluefnisþróun. Fólki af erlendu bergi brotnu fjölgar ört á Íslandi í lok aldarinnar og áfram á nýrri öld. Nýjar þarfir myndast fyrir íslenskukennslu fyrir fjölbreytilegri nemendahópa en þekktst hafði. Sífellt aukin aðsókn í íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands og hjá öðrum aðilum sem veita slíka kennslu.

2000 Vefurinn *Bragi* opnaður (vefslóð: <http://www2.hu-berlin.de/bragi/index.htm>). Bragi er safn kennsluefnis í íslensku, sem unnið var í samvinnu

Námsflokka Reykjavíkur og Nordeuropa-Institut við Humboldt-háskóla í Berlín.

2003 Margmiðlunarefnið *Carry on Icelandic: Learn Icelandic and enjoy it!* kemur út á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals.

2004 Fyrsti áfanginn af íslenskukennsluvefnum *Icelandic Online* gerður aðgengilegur fyrir notendur.

2005 Félag íslenskukennara erlendis stofnað.

2006 Fyrsta ráðstefnan um íslensku sem annað og erlent mál haldin við Háskóla Íslands.

2007 Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda kemur út.

2008 Námskrá í íslensku sem öðru máli fyrir fullorðna kemur út.

2011 ISLEX, veforðabók með íslensku sem grunnmál og skandinavísku málin sem markmál opnuð (danska, norska (bókmál og nýnorska), sænska). Undirbúningur hófst 2003. Í framhaldinu hefur verið unnið að orðabókum með fleiri málum sem markmál (finnska, færeyska, franska, nýlega lögð drög að íslensk-þýskri veforðabók).

2015 Önnur ráðstefnan um íslensku sem annað og erlent mál haldin við Háskóla Íslands.

2018 Þriðja ráðstefnan um íslensku sem annað og erlent mál haldin við Háskóla Íslands.

2019 Þó nokkur síðustu ár hefur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (og áður Stofnun Sigurðar Nordals) stutt um 14 íslenskukennararstóla við háskóla erlendis. Kennsla í íslensku nútímamáli fer fram við mun fleiri háskóla (oftast stundakennsla). Við enn fleiri háskóla er kennd forn-íslenska og lögð stund á fornnorrænar bókmenntir og menningu (sjá: *Gagnasafn um íslenskukennslu erlendis* (vefslóð: https://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_islenska_erlendis)).

Heimildaskrá

- Birna Arnbjörnsdóttir: „Stefna og framkvæmd símenntunar og aðlögun innflytjenda á Íslandi og öðrum Norðurlöndum“, *Milli mála* 3 (2011), 155–188.
- Gagnasafn um íslenskukennslu erlendis. Vefslóð: https://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_islenska_erlendis.
- Guðmundur Hálfðanarson / Þorleifur Hauksson: *Úttekt á kennslu í nútímaíslensku við erlenda háskóla, unnið fyrir menntamálaráðuneytið*, [Rv.] apríl 2000.
- Jón Friðjónsson/Svavar Sigmundsson: *Icelandic as a foreign language*, Unesco, París 1984.
- Kristinn Jóhannesson: „Mannsaldur í þjónustu íslenskrar tungu erlendis“, *Kennsla í íslensku sem erlendu og öðru máli Háskóla Íslands 17.–19.8. 2006. Ráðstefnurit*, ritstj.: Magnús Hauksson, Rv. 2007. Vefslóð: <https://www.arnastofnun.is/solofile/1012396>.
- Listi yfir bækur um íslenskt mál, menningu og sögu. Vefslóð: https://www.arnastofnun.is/page/baekur_um_islensku.
- Magnús Hauksson: „Íslenska sem erlent mál“, *Mímir* 48 (2000), 73–82.
- Magnús Hauksson: „Viðtökur bókarinnar *Icelandic* eftir Stefán Einarsson“, *Gott skálkaskjól veitt Gottskálki Jenssyni sextugum 4. apríl 2018*, Rv. 2018, 51–54.
- Margrét Jónsdóttir: „Kennsla í íslensku fyrir erlenda stúdenta. Markmið og leiðir“, *Mímir* 36 (1997), 82–85.
- Margrét Jónsdóttir: „Sigfús Blöndal sem kennslubókarhöfundur. Um Praktisk Lærebog i islandsk Nutidssprog“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 25 (2003), 137–148.
- Svavar Sigmundsson: „Kennsla í íslensku fyrir útlendinga fyrr á tíð“, *Sturlaðar sögur sagðar Úlfari Bragasyni sextugum 22. apríl 2009*, Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Rv. 2009, 96–98.
- Tal íslenskukennara erlendis. Vefslóð: http://arnastofnun.is/is/islenskukennaratal_vid_erlenda_haskola_fra_midri_19_old_fram_okkar_daga_0.
- Úlfar Bragason: „Íslenskukennsla erlendis“, *Mímir* 36 (1997), 86–89.
- Úlfar Bragason: „Íslenskukennsla við erlenda háskóla“, *Málfregni* 10 (19) (2000), 23–27.
- Úlfar Bragason: „Íslenska á alþjóðavettvangi“, *Skíma. Mál gagn móðurmálskennara* 33.1 (2010), 36–39
- Úlfar Bragason: „Man blir tvers igjennom skandinavisk“: Nordkurs og nordisk språkforståelse“, *Sprog i Norden* 2016, ritstj.: Torbjørg Breivik, 79–88.
- Vörður Stofnunar Sigurðar Nordals. Vefslóð: https://www.arnastofnun.is/page/ssn_vordur.
- Þóra Björk Hjartardóttir: „Kennslukver í íslensku“, *Hræringur úr ritum Grunnavíkur-Jóns. Erindi flutt á málþingi um Jón Ólafsson úr Grunnavík laugardaginn 16. apríl 1994*, umsjón: Friðrik Magnússon og Guðrún Kvaran, Orðmennt og Góðvinir Grunnavíkur-Jóns, Rv. 1994, 51–57.
- Þóra Björk Hjartardóttir: „Íslenskukennsla útlendinga við Háskóla Íslands“, *Málfregni* 10 (19) (2000), 29–32.

Þóra Björk Hjartardóttir: „Íslenska í breyttu málumhverfi“, *Málstefna = Language planning* (Rit Íslenskrar málnefndar 14), ritstj.: Ari Páll Kristinsson og Gauti Kristmannsson, Íslensk málnefnd, Rv. 2004, 113–121, ensk þýðing greinarinnar á bls. 229–238.

Magnús Hauksson tók saman